

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir veltir fyrir sér stofnun Latte-lista gegn óforskömmuðu kjördæmapoti. 17



**MENNING** Myndlistarkonan Ólöf Dómhildur selur hárið til að fjármagna sýningu. 46



**SPORT** Birnu Valgarðsdóttur vantar aðeins sextán stig til að rjúfa 5.000 stiga múrinn í efstu deild kvenna. 40




FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ
69.990
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER
tl.is
TÖLVU LISTINN



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
27. mars 2013
73. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Formennirnir funda
Rætt er um að breyta breytingarákvæði stjórnarskrár á þann veg að 40% kjósenda verði að samþykkja umdeildar breytingar í þjóðaratkvæðagreiðslu. 4

**Glutraði niður auðæfum** Breska lögreglan vill ekkert fullyrða um það hvort rússneski auðkýfingurinn Boris Beresovskí hafi framið sjálfsvíg. 6

**Hekla bærir á sér** Jarðskjálftar undir Heklu voru tilefni viðvarana frá Almannavörnum. Gos er þó ekki talið yfirvofandi. 8

**Hótuðu sjálfsvígi** Helmingur sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu reyndi, hótaði eða hugsaði um sjálfsvíg í gæsluvarðhaldi. 12



16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 6 |
| Akureyri | 2° | | N | 2 |
| Egilsstaðir | 1° | | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | NA | 5 |
| Reykjavík | 5° | | NA | 7 |

**Hlýjast syðst** Í dag má búast við A- og SA-átt, víða 2-6 m/s en hvassara við SV-ströndina. Heldur skýjað, stöku skúrir syðst en éljagangur NV-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ
**Brúðkaup | Fólk**




# Ekki nýjar virkjanir hjá OR fyrr en mengunarmál leysast

OR hefur beðið um frest á hertum skilyrðum vegna útblásturs brennisteinsvetnis til ársins 2020. Ekki verður ráðist í nýjar virkjanir á Hellisheiði fyrr en lausn finnst á menguninni. Orka ætluð í álver í Helguvík.

**VIRKJANAMÁL** Orkuveita Reykjavíkur (OR) mun ekki reisa fleiri virkjanir á Hengilssvæðinu fyrr en fundist hefur lausn á brennisteinsvetnismengun. Fyrirtækið hefur óskað eftir frestun á gildistöku reglugerðar um hert skilyrði vegna útblásturs brennisteinsvetnis. Þau eiga að taka gildi 1. júlí á næsta ári.

Samkvæmt núgildandi reglugerð má styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti fara fimm sinnum á ári yfir viðmiðunarmörk, en aldrei þegar breytingin hefur tekið gildi. OR getur ekki tryggt það nema með mengunarvarnarbúnaði.

„Ef við getum leyst það vandamál á Hellisheiðinni svo óyggjandi sé, þá er okkur óhætt að byggja meira. Það er aðeins ein virkjun í skoðun hjá okkur eins og er, það er Hverahlíðarvirkjun. Hún er áformuð 90 megavött og við byggjum hana ekki fyrr en við erum komin með einhverja lausn á þessu," segir Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.

Hverahlíðarvirkjun er ein þeirra virkjana sem eiga að sjá álveri Norðuráls í Helguvík fyrir orku.

Fyrirtækið hefur staðið fyrir tilraunaverkefni sem gengur út á það að dæla brennisteinsvetninu og koltvísýringi aftur ofan í borholurnar með affallsvatni. Það hefur gefið góða raun og hafa Landsvirkjun og HS Orka gerst aðilar að verkefninu. Með vísan í tilraunina hafa fyrirtækin farið fram á frestun gildistöku reglugerðarinnar til 2020. Sú beiðni er nú á borði umhverfisráðherra en Umhverfisstofnun hefur gefið jákvæða umsögn gagnvart henni.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir Hvergerðinga hafa lagst gegn öllum undanþágum frá þeirri reglugerð sem ráðuneytið setti, en hún er frá árinu 2010. Hún segir að undanþágubeiðnin nú sé til ansi langs tíma. „Mér fyndist eðlilegt að þetta væri fyrst kynnt fyrir okkur áður en undanþága verður gefin. Íbúar verða að hafa sitt að segja." - kóp

### ÁHRIF BRENNISTEINSVETNIS
- Í miklum styrk hefur það áhrif á heilsu. Augu, lungu og öndunarvegur eru viðkvæm. Veik fylgni hefur verið á milli útblásturs frá virkjunum og ávísunar nýrra astmalyfja á höfuðborgarsvæðinu.
- Hefur áhrif á raftæki. Verja þarf rafbúnað sem inniheldur kopar.
- Það fellur á málma, til dæmis silfur og kopar.
- Lyktarmengun á hægviðrisdögum.





**GOTT FÆRI** Skíðafólk hefur notið góðviðrisins síðustu daga og fjölmennt í brekkurnar í Bláfjöllum. Útlit er fyrir að vel viðri til skíðaiðkunar yfir páskana og verður opið frá 10 til 17 alla daga um páskahelgina ef veður leyfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reyndi að bjarga lífi Andra:
## Örvar var hetja segir lögreglan

**SLYS** Örvar Arnarson, annar mannanna sem lést í fallhlífarstökkslysi á Flórída á laugardag, gerði allt sem hann gat til að bjarga Andra Má Þórðarsyni, sem einnig lést. Þetta sýnir upptaka úr myndavél á hjálmi Örvars. „Hann var hetja. Hann dó hetja," segir William Lindsey, fulltrúi lögreglustjórans í Pacosýslu í Flórída.



**ÖRVAR ARNARSON**

Á upptökunni sést að Andra tókst ekki að opna fallhlíf sína, en óljóst er hvort hann var með meðvitund eða ekki. Þar sést hvernig Örvar, sem var mjög reyndur fallhlífastökkvari, reyndi að bjarga lífi Andra með því að toga í strenginn á fallhlíf hans, án árangurs. - bj

Að slægja karfa er jafnmikil fásinna og að flysja SS-pylsu, segir stýrimaður:
## Sjómenn hneykslaðir á Eyþóri

**MENNING** „Ég hef upplifað gífurlega hneykslun innan sjávarútvegsins vegna þessa myndbands. Þetta kollvarpar öllu því sem við þekkjum," segir Aríel Pétursson stýrimaður um Eurovision-myndbandið Ég á líf með Eyþóri Inga Gunnlaugssyni.

Aríel segir að í myndbandinu, sem gerist úti á sjó, sjáist vel að Eyþór Ingi er ekki alvöru sjómaður. „Hinn almenni Evrópubúi tekur kannski ekki eftir því en fyrir sjóperverta eins og mig er þetta alveg hræðilegt," segir hann og bætir við að stærsta synd Eyþórs í myndbandinu sé að slægja karfa. „Slæging karfa er jafn mikil fásinna og að skræla bláber eða flysja SS-pylsu," segir Aríel.

Þá þykir Aríel fatnaður söngvarans til sjós ekki hentugur. „Þessi designerfrakki er auðvitað alveg út í hött." - trs / sjá síðu 46



**EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON**


3 FYRIR 2 AF KERTUM



the PIER
SMÁRATORGI • KORPUTORGI • GLERÁRTORGI

DOMTI®
Allt fyrir heimilið
Aðeins þrjú verð:
290 kr 390 kr 690 kr
Smáratorgi 1 • 522 7000 • www.domti.is

Heklað, prjónað og saumað!



Ný bók eftir Íslandsvinina Arne og Carlos!
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

## SPURNING DAGSINS



Hermann, eru glæpir þá bara grín?

**„Ja, grín er nú dauðans alvara.“**

Hermann Jóhannesson gaf nýlega út glæpasöguna Olnbogavík. Hann segir margar glæpasögur því marki brenndar að vera húmorslausar.

Grunaður um að hafa orðið valdur að dauða 5 mánaða gamals barns síns:

# Faðirinn úrskurðaður í farbann

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri sem grunaður er um að hafa valdið dauða fimm mánaða gamallar dóttur sinnar með því að hrista hana var í gær úrskurðaður í farbann til 23. apríl að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan rannsakar andlát stúlkubarnsins. Í tilkynningu frá lögreglu segir að nánari bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar réttarlæknis renni stoðum undir að andlátið megi rekja til svokallaðs „shaken baby syndrome“.

Er talið að stúlkan hafi verið hrist svo harkalega að það hafi orsakað blæðingar inn á heilann. Faðirinn hafði setið í gæsluvarðhaldi frá því um síðustu helgi en ekki þótti ástæða til að halda honum lengur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins neitaði maðurinn staðfastlega sök í yfirheyrslum sem fram fóru á mánudaginn í síðustu viku. Hann sagðist ekki hafa hugmynd um hvað komið hefði fyrir dóttur sína. Útför stúlkunnar fór fram í kyrrþey í gær. **- bj**



**FARBANN** Maðurinn hefur verið úrskurðaður í farbann og má ekki yfirgefa landið fyrir 23. apríl næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PORGILS

Stjórnvöld styðja Kulusuk:

# Fimm milljónir í tónlistarhús

**UTANRÍKISMÁL Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að veita fimm milljónir króna til uppbyggingar tónlistarhúss í Kulusuk á Grænlandi. Tónlistarhús barnaskóla bæjarins brann til grunna 8. mars, en það var notað til tónlistarkennslu, tónleikahalds og fyrir almennar samkomur.**

**Hópurinn „Vinir Grænlands á Íslandi“ hefur undanfarið staðið fyrir söfnun svo koma megi upp nýju tónlistarhúsi í bænum. - bj**




**MÓTMÆLA** Andstæðingar þess að samkynhneigðir fái að ganga í hjónaband mótmæltu við byggingu hæstaréttar í Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Málflutningur um hjónabönd samkynhneigðra í Hæstarétti:

# Vilja ógilda bann við hjónabandi

**BANDARÍKIN, AP Hæstiréttur Bandaríkjanna hóf í gær að hlýða á málflutning í tveimur málum er varða réttindi samkynhneigðra til að ganga í hjónaband.**

**Málflytjendur reyna að sannfæra dómarana níu um að ógilda bann nokkurra ríkja við hjónaböndum samkynhneigðra, og lýsa því jafnframt yfir að alríkið þurfi að heimila hjónabönd samkynhneigðra.**

**Nýjar skoðanakannanir sýna að verulegar breytingar hafa orðið á afstöðu Bandaríkjamanna til hjónabands samkynhneigðra. Nú er nærri helmingur fylgjandi. - gb**

Fær 400 þúsund í bætur:

# Sat of lengi í haldi og fékk ekki lyfin sín

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða verktaka 400 þúsund krónur fyrir gæsluvarðhald sem hann sætti í tengslum við rannsókn á mansalsmáli árið 2009.

Héraðsdómur hafði sýknað ríkið af kröfum mannsins og taldi að hann hefði sjálfur átt sök á því að hann var hnepptur í varðhald með því að svara ekki spurningum. Maðurinn sat í varðhaldi í 22 daga og Hæstiréttur telur að síðustu sex dagarnir hafi verið óþarfir. Þá hafi hann ekki fengið nauðsynleg lyf allan tímann sem hann sat inni. **- sh**

Ný könnun á fylgi flokkanna:

# Framsókn með tæp 30 prósent

**KÖNNUN Framsóknarflokkurinn mælist með 29,5 prósenta fylgi í nýrri skoðanakönnun MMR, og mælist langstærsti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi. Fylgi flokksins hefur aukist mikið á síðustu vikum.**

**Fylgi Sjálfstæðisflokksins virðist í frjálsu falli og mælist nú 24,4 prósent. Samfylkingin mælist með 12,5 prósenta fylgi og Björt framtíð með 12 prósent. Stuðningur við Vinstri græn mælist 8,7 prósent.**

**Önnur framboð ná ekki fimm prósenta fylgi. Næst því komast Píratar með 3,9 prósent og Hægri grænir með 2,5 prósent. - bj**

# „Ég er enginn boxari“

Leikarinn Damon Younger segist hafa sætt andúð í samfélaginu eftir að hann var kærður fyrir alvarlega líkamsárás fyrir utan Kaffibarinn. Pólandinn hlaut vægan heilaskaða af árásinni. Leikarinn segist aðeins hafa slegið manninn í vörn.

**DÓMSMÁL** Leikarinn Ásgeir Þórðarson, betur þekktur sem Damon Younger, segist óvanur því að standa í handalögmálum og hann efist þess vegna um að hann hafi getað greitt manni sem kærði hann fyrir líkamsárás svo þungt högg að það hafi valdið heilaskaða.

Þetta kom fram við aðalmeðferð líkamsárásarmálsins á hendur honum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem Ásgeir neitaði sök.

Salur 201 í dómshúsinu var þéttsetinn og rúmlega það, og þurftu nokkrir áhorfenda að standa á meðan á réttarhöldunum stóð. Í salnum var stór hópur blaðamennskunema frá Háskóla Íslands, auk eiginkonu Ásgeirs og vinafólks Pólandans.

Sá sem fyrir árásinni varð, 36 ára Reykvíkingur, hlaut „heilahristing, staðbundinn heilaáverka, rifbrot, mar á augnloki og augnsvæði vinstra megin, sár á innanverðri vör og eymsli í vinstri síðu“, að því er segir í ákærunni.

„Ég er enginn boxari,“ sagði Ásgeir, þegar dómari lýsti fyrir honum afleiðingum árásarinnar. Ásgeir sagðist efast um að eitt högg af hans hendi gæti valdið afleiðingum sem þessum. Pólandinn hafi hins vegar fallið í jörðina og gæti hafa hlotið höfuðhögg af því.

Ásgeiri og hinum manninum laust fyrst saman snemma kvölds 17. ágúst 2011 á reyksvæðinu á Kaffibarnum. Allir voru sammála um að Pólandinn og vinir hans hefðu verið með almenn leiðindi við Ásgeir og kunningjakonu hans, sem hafi orðið til þess að þeir fóru að ýta í kvið hvor annars.



**FRIÐARMERKI?** Damon Younger bar hönd fyrir höfuð sér í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í humátt á eftir honum fylgir nýbökuð eiginkona hans, kvikmyndagerðarkonan Vera Sölvadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frá vinnu í heilan mánuð

Pólandi árásarinnar bar fyrir dómi að hún hefði haft mikil áhrif á hann. Hann hefði verið frá vinnu í heilan mánuð og varla getað sofið dúr á nóttunni. Þá hefði hann verið á hálfum krafti í tvo mánuði til viðbótar sökum heilaskaðans sem hann hlaut.

Maðurinn kvaðst ekkert muna eftir árásinni sjálfri – hann hafi fyrst rankað við sér þegar kærastan hans kom að honum þar sem hann var að skríða inn um gluggann heima hjá sér síðar um nóttina.

„Ég var með „six-pack“ á þessum tíma eftir mikið æfingaskeið,“ sagði Ásgeir, sem var þá að búa sig undir hlutverk sitt sem hrottinn Brúnó í kvikmyndinni Svartur á leik. Hann hafi því ekki fundið mikið fyrir því að fá hönd kærandans í magann. Maðurinn sló Ásgeir því næst í andlitið og í kjölfarið yfirgáfu Ásgeir og vinur hans barinn.

Þeir sneru aftur síðar um kvöldið og vildi Ásgeir þá fá að ræða málin við manninn sem hafði ráðist á hann. „Ég spurði hann hvort hann ætti ekki inni hjá mér högg – eins kjánaleg spurning og það er,“ sagði Ásgeir, sem ber þó að hann hafi aðeins slegið til hans í vörn.

Ásgeir segir málið hafa haft miklar afleiðingar fyrir hann. „Ég hef þurft að sæta andúð í samfélaginu,“ sagði hann og bætti við að kjaftasögur gengju um að hann hefði beitt hjólabretti við atlöguna.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið síðar. stigur@frettabladid.is






Samkeppniseftirlitið sektar Skipti, móðurfélag Símans, um 300 milljónir:

# Sektir komnar í 1,2 milljarða

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið sektaði í gær Skipti, móðurfélag Símans og Mílu, um 300 milljónir króna vegna brota á samkeppnislögum. Sektir sem Skipti og dótturfélög hafa þurft að greiða á undanförnum árum eru nú komnar í 1,2 milljarða króna.

Samkeppniseftirlitið og Skipti hafa nú gert heildarsátt um að ljúka þeim málum sem eftirlitið hefur verið með til rannsóknar. Auk þess að greiða 300 milljóna króna stjórnvaldssekt samþykkja forsvarsmenn Skipta að gera umfangsmiklar breytingar á skipulagi samstæðunnar til að efla samkeppni, að því er fram kemur í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu.

Markmiðið með breytingunum er að keppinautar Símans sitji við sama borð og Síminn varðandi aðgang að grunnfjarskiptakerfum Mílu með auknu sjálfstæði Mílu frá Símanum. Í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins segir að með því sé gengið lengra í aðskilnaði fyrrverandi einokunarfyrirtækis en tíðkast hafi í nágrannalöndunum.

Skipti viðurkenna ekki að hafa brotið gegn samkeppnislögum, og segir í yfirlýsingu frá fyrirtækinu að elstu málin, sem nú sé lokið með þessu samkomulagi, eigi rætur að rekja til ákvarðana sem teknar hafi verið þegar Síminn hafi enn verið ríkisfyrirtæki.

Samkeppniseftirlitið telur sýnt fram á að Síminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. **- bj**

## Skipti og Síminn sektuð

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skipti | Júlí 2010<br>400 milljónir | Mars 2013<br>300 milljónir | |
| Síminn | Janúar 2012<br>60 milljónir | Ágúst 2012<br>390 milljónir | Desember 2012<br>50 milljónir |

Samtals **1.200 milljónir**


SPARIÐ 50.000
TONY TUNGUSÓFI
Flottur tungusófi á frábæru verði!
Fæst með svörtu BONDED leðri eða
gráu tauáklæði. Stærð: 276 x 200 sm.
VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
TUNGUSÓFI
FULLT VERÐ: 199.950
149.950
GILDIR TIL 01.04
GERÐU GÓÐ KAUP!
KODDI
50 x 70 sm.
3.995
SPARIÐ 3000 AF SÆNG
KRONBORG OF DENMARK
1 STK.
89
33% AFSLÁTTUR
LUX
135 X 200 SM. FULLT VERÐ: 14.950
11.950
RUSTIC KERTI
Góð kerti sem fást í mörgum
fallegum litum.
DISKAMOTTA FULLT VERÐ: 299
199
LULU
DISKAMOTTA
OG LÖBER
Falleg diskamotta og
löber í stíl. Efni: PVC.
Litur: Hvítur.
Diskamotta 30 x 45 sm.
verð 299 nú 199
Löber 40 x 150 sm.
verð 895 nú 595
KRONBORG LUX
ANDADÚNSÆNG
Gæðasæng fyllt með andadúni og
smáfiðri. Bómullaráklæði og
snúrukantur. Þyngd: 900 gr.
Má þvo við 60°C. Stærðir:
135 x 200 sm. 14.950 nú 11.950
135 x 220 sm. 16.950
1 STK.
129
HAWAII KERTASTJAKAR
Flottir kertastjakar fyrir sprittkerti.
Fást í nokkrum litum.
KEYPTU 2 OG SPARAÐU 1000
8 PÖR
8 PÖR
1.695
DÖMU- OG
HERRASOKKAR
8 pör saman í pakka.
Stærðir: 37-46.
TIMO
SKRIFBORÐSSTÓLL
Með pumpu. Hægt að
hafa stólinn í ruggandi
eða læstri stöðu. Fellur
vel að baki. Litur:
Svartur.
AILI
SÆNGURVERASETT
Stærð: 140 x 200 sm. og
50 x 70 sm. 1 sett 2.995
nú 2 sett 4.990
KREP
23% AFSLÁTTUR
SÆNGURVERASETT
2.995
SERVÍETTUR VERÐ FRÁ:
299
FULLT VERÐ: 12.950
9.995
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
KLAPPSTÓLL
1.495
THOMAS KLAPPSTÓLL
Klappstóll, fæst í svörtu,
grænu, bláu og hvítu.

## GENGIÐ
26.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,85 | 124,45 |
| Sterlingspund | 187,96 | 188,88 |
| Evra | 159,32 | 160,22 |
| Dönsk króna | 21,376 | 21,502 |
| Norsk króna | 21,261 | 21,387 |
| Sænsk króna | 19,043 | 19,155 |
| Japanskt jen | 1,3131 | 1,3207 |
| SDR | 185,82 | 186,92 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
218,6551

Þurfa að leysa upp samruna Vinnslustöðvar og uppleysts fyrirtækis:

# Samruni útgerða ólögmætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær að samruni Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og Ufsabergs – útgerðar, sem fram fór árið 2011, hafi verið ólögmætur. Með þessu var dómi héraðsdóms snúið við. Búið er að slíta síðarnefnda fyrirtækinu.

Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður og Stilla ehf. ráku málið. Helgi Jóhannesson, lögmaður Vinnslustöðvarinnar, segir að fyrirtækið muni nú skoða dóminn og sjá hvernig brugðist verði við honum.

Þetta þýði ekki mikið fyrir fyrirtækið.

„Þessi samruni var nú ekki stærsta ákvörðun Vinnslustöðvarinnar, þetta verður bara lagað.“


**HELGI JÓHANNESSON**

Það flækir málið að búið er að slíta Ufsabergi, en fyrirtækin hafa verið rekin sem eitt síðan samruninn átti sér stað. „Það þarf að pæla í því hvernig best er að verða við þessu dómsorði. Mér finnst Hæstiréttur ekki hafa hugsað mjög praktískt þegar hann tók þessa ákvörðun,“ segir Helgi.

Í dómi Hæstaréttar sagði að samningur Vinnslustöðvarinnar og Ufsabergs hefði engan annan tilgang haft en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í Vinnslustöðinni. Dómurinn klofnaði og greiddu þrír dómarar atkvæði með ógildingu samrunans en tveir gegn. - kóp

Sækja í læknisþjónustu:

# Berklasjúkir koma til Noregs

**NOREGUR** Nokkuð er um það að erlendir berklasjúklingar sæki til Noregs til að fá læknismeðferð á kostnað norska ríkisins.

Aftenposten hefur eftir yfirlækni einum að allt að sjö einstaklingar haldnir fjölónæmum berklum komi til landsins ár hvert í þeim tilgangi einum að sækja þangað lækningu. Kostnaðurinn við hvert tilfelli er á bilinu tuttugu til fjörutíu milljónir íslenskra króna og meðferðin tekur jafnan á annað ár. - þj

Sendiráðið í Peking flytur:

# Eistar lána hús undir sendiráð

**UTANRÍKISMÁL** Eistnesk stjórnvöld ætla að lána Íslendingum húsnæði undir sendiráð Íslands í Peking endurgjaldslaust. Sendiráð Íslands verður í sama húsi og sendiráð Eistlands og munu ríkin deila rekstrarkostnaði hússins.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, undirrituðu samkomulag um þetta á fundi í Tallinn í Eistlandi í gær.

Ísland fær 225 fermetra í nýrri sendiráðsbyggingu Eista sem verið er að byggja. Paet sagði að Eistlendingar stæðu í ævarandi þakkarskuld við Íslendinga fyrir að hafa fyrst ríkja viðurkennt fullveldi Eistlands árið 1991. - bj

Könnun meðal farþega:

# Meirihluti vill flug án áfengis

**FERÐALÖG** Alls vilja 63 prósent ferðamanna að hætt verði að selja áfengi um borð í flugvélum. Þetta eru niðurstöður könnunar Skyscanner sem tók til sex þúsund ferðamanna í Evrópu.

Samkvæmt frétt á vef Jótlandspóstsins segjast 43 prósent vera þeirrar skoðunar að drukknir farþegar eyðileggi ferðina. Aðeins sextán prósent segjast fá sér drykk um borð.

Haft er eftir Mariu Paulsen hjá Skyscanner að fleiri kjósi að fljúga með lágfargjaldaflugfélögum í kjölfar kreppunnar. Þau taki sérstakt gjald fyrir að veita áfengi um borð. - ibs

## LEIÐRÉTT

Fyrir mistök rugluðust myndir af sakborningum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum á forsíðu Fréttablaðsins í gær þannig að við nafn Tryggva Rúnars Leifssonar birtist mynd af Guðjóni Skarphéðinssyni, og öfugt.


**SVARTSÝNISSPÁR** Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja spá að framlegð fyrirtækja muni dragast verulega saman.

Viðhorfskönnun SA og SÍ:

# Svartsýni ríkir í sjávarútvegi

**SJÁVARÚTVEGUR** Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja spá því að fjárfesting dragist saman á næsta ári og telja að horfur séu á að ástandið í efnahagslífinu eigi ekki eftir að batna á næstu sex mánuðum. Þetta kemur fram á vef LÍÚ og er vísað í árlega könnun Samtaka atvinnulífsins og Seðlabankans.

Þar kemur jafnframt fram að stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja telji að framlegð fyrirtækja muni dragast verulega saman á sama tíma og einungis ellefu prósent þeirra sjá fram á fjölgun starfa. - þj

„Ógúglanlegt“ tekið af lista:

# Google fær sitt fram í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska málnefndin hefur tekið út af síðasta lista sínum um nýyrði orðið „ogooglebar“, sem þýðir ógúglanlegur, vegna þess að fyrirtækið Google vill ekki að heiti fyrirtækisins sé notað með þessum hætti.

Í erindi sínu til málnefndarinnar færir Google þau rök að heiti fyrirtækisins sé skráð vörumerki. Frekar en að fara í hart ákvað málnefndin að gefa eftir, en lýsti jafnframt yfir óánægju sinni með að Google sé að reyna að stjórna tungumálinu. - gb

# Semja um þröskuld við þjóðaratkvæði

Formenn stjórnmálaflokkanna hafa rætt um lágmarksþátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu til að gera breytingar á stjórnarskrá. Þokaðist í samkomulagsátt í gær. Framsóknarflokkurinn tregur til samninga um nýjan Landspítala.

**ALÞINGI** Alls þurfa 40 prósent kjósenda að samþykkja umdeildar breytingar á stjórnarskrá, samkvæmt hugmyndum formanna stjórnmálaflokkanna að samkomulagi í stjórnarskrármálinu. Nokkuð þokaðist í samkomulag á milli flokkanna í gær, en enn ber á milli í nokkrum málum.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, sat fund formannanna í gær. Hún sagði frá samkomulagsgrunninum á Facebook en formennirnir hafa hingað til verið tregir til að gefa upp um hvað það snýst. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, staðfesti við Fréttablaðið í gærkvöldi að breytingarnar hefðu verið ræddar.

„Við höfum verið að ræða áframhaldandi breytingar á breytingarákvæði stjórnarskrár. Það hefur verið rætt um að setja 40 prósenta samþykkisþröskuld, sem þýðir 80 prósenta þátttöku í mjög umdeildum stjórnarskrárbreytingum,“ segir hún.

Fleiri mál standa þó út af borðinu en stjórnarskráin. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því, meðal annars úr Framsóknarflokknum, að flokkurinn hafi lítinn áhuga að sjá lög um nýjan Landspítala verða að veruleika. Þá hefur verið rætt um gildistöku nýrra náttúruverndarlaga, en ekki náðst saman enn.

Viðræður fóru fram í nokkrum hópum í gær og gengu sumpart vel. Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir viðræðurnar um margt hafa gengið vel.


**STJÓRNLAGARÁÐ** Stjórnarflokkarnir telja sig ekki hafa meirihluta fyrir því að þvinga í gegn atkvæðagreiðslu um stjórnarskrá. Frá fundi stjórnlagaráðs sem samdi drög að stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Upplýst á Facebook

Birgitta Jónsdóttir setti eftirfarandi á Facebook-síðu sína í gær:

*Loksins fékk ég boð á formannafund og þar fékk ég eftirfarandi staðfest sem samninga á milli formanna fjórflokksins: Þau eru búin að semja um 40% þröskuld á breytingar á stjórnarskrá, ef mál er umdeilt þurfa um 80%* allra á kjörskrá að mæta á kjörfund til að fá ákvæði samþykkt. Ekkert auðlindaákvæði, Bakki verður keyrður í gegn og náttúruverndarlögin verða ekki lögfest fyrr en eftir í fyrsta lagi eftir ár.*

„Við höfum verið að færast nær samkomulagi. Það hefur gengið ágætlega í dag [gær] og menn hafa fundið lausnir á ágætum meirihluta málanna. Það eru þó enn þá nokkur mál sem standa út af, en þau eru ekki mörg.“

Nokkuð hefur verið rætt um hvort stjórnarflokkarnir hyggist beita 71. grein laga um þingsköp og knýja fram atkvæðagreiðslu um stjórnarskrána. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hins vegar ekki meirihluti fyrir samþykkt hennar.

kolbeinn@frettabladid.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
PÁSKATILBOÐ
FRÍ HUMARSÚPA*
*ef keypt er 1 kg af humri
20% afsláttur af laxaflökum
Heitur matur í hádeginu
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGUR VINDUR** Horfur eru á fremur hægum vindi næstu daga. Það verður fremur skýjað í dag og úrkoma á stöku stað, á morgun verður bjart með köflum og á föstudaginn langa gæti orðið léttskýjað A-til. Ágætis páskaspá ef hún gengur eftir!




**Á morgun**
Víða hægur vindur, V-til.




**Föstudagurinn langi**
Hæg breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Berlín | 1° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 23° | New York | 7° | París | 7° |
| Aþena | 20° | Billund | 2° | Gautaborg | 2° | London | 3° | Orlando | 18° | San Francisco | 15° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 19° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | -1° |


**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Páskasteikin
## *fæst í Hagkaup*




### Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip
Í fjöldamörg ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




### Hagkaups hamborgarhryggur
- SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM
- ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
- SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.




### Hagkaups veislulæri
Við notum eingöngu sérvalin lambalæri sem eru krydduð með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, sítrónu, chili pipar, salti og olíu. Útkoman er einstök. Hentar hvort sem er í ofninn eða á grillið.




### Úrbeinað og fyllt lambalæri að hætti Jóa Fel
Þetta bragðgóða læri er úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað sat Sævar Ciesielski lengi í gæsluvarðhaldi?
**2.** Hver er formaður Félags framhaldsskólakennara?
**3.** Í hvaða bók eru aðalsöguhetjurnar farandverkamennirnir George og Lennie?

SVÖR

**1.** 1.533 daga. **2.** Aðalheiður Steingrímsdóttir. **3.** Mýs og menn eftir John Steinbeck.

Nýtt skip, Polar Amaroq, kom til hafnar í Neskaupstað á sunnudag:

# Ný tækifæri krefjast betra skips

**SJÁVARÚTVEGUR** Grænlenska útgerðarfélagið East Greenland Codfish A/S hefur fest kaup á norska uppsjávarveiðiskipinu Eros og er því ætlað að leysa skip félagsins, Eriku, af hólmi. Grænlenska félagið er í þriðjungseigu Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og hefur samstarfið staðið í fjölda ára. Skipið mun fá nafnið Polar Amaroq (Heimskauta-Úlfur) og heimahöfn nýja skipsins verður Tasiilaq á Grænlandi. Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir um nauðsynlega endurnýjun að ræða. „Eigendur East Greenland sjá aukna möguleika í uppsjávarveiðum. Nýja skipið er mjög vel tækjum búið og hefur verið nýtt til hafrannsókna við Noreg.“

Polar Amaroq kom til Neskaupstaðar á sunnudag og sigldi í blíðviðri inn Norðfjörð í fylgd Eriku, sem fór til móts við nýja skipið og fylgdi því til hafnar. Skipstjóri á hinu nýja skipi verður Geir Zoëga en hann hefur verið skipstjóri á Eriku síðastliðin ár. - shá



**SAMFYLGD** Polar er smíðað í Noregi árið 1997; er 76 metrar á lengd og 13 á breidd. Burðargeta skipsins er 2.100 tonn. MYND/KRISTÍN SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR

Tölur frá Þjóðskrá:

# Milljarði meiri fasteignavelta

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Veltan á fasteignamarkaði á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu var um milljarði króna meiri í síðustu viku en sama tíma í fyrra, að því er fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands.

Þinglýstum samningum fjölgaði um rúman fimmtung úr 97 samningum upp í 120, og veltan fór úr 2,9 milljörðum upp í fjóra milljarða.Þá hækkar einnig meðalupphæð á kaupsamning úr 29,4 milljónum upp í 33 milljónir. - bj


Sveitarfélagið ÁRBORG

**Tryggvaskáli - rekstur**

Sveitarfélagið Árborg í samstarfi við Skálafélagið skoðar þann möguleika að koma Tryggvaskála á Selfossi í rekstur sem hæfir sögu hússins og menningarsögulegri þýðingu þess fyrir samfélagið til framtíðar.

Til að kanna grundvöll þess auglýsir sveitarfélagið eftir hugmyndum frá áhugasömum aðilum sem hefðu áhuga á að taka húsið á leigu til veitingarekstrar og sýningahalds.

Áhugasamir aðilar skili hugmyndum sínum til Sveitarfélagsins Árborgar, eigi síðar en miðvikudaginn 10. apríl n.k., á netfangið asta@arborg.is, þar sem fram koma hugmyndir að rekstrarfyrirkomulagi og framtíðarsýn rekstrar þessa sögufræga húss.



**i-Helicopter**

**Stjórnað með iPhone, iPad, iPod touch**



**Sölustaðir: Epli, Bókabúð Máls og menningar, Bókaverslun Stefáns Þórarinssonar, Myndiðjan, Omnis, Símabúðin Firði, Superkaup.is, Verslunin Vísir,** Símabær

**Dreifing: Demantskort, sími 860-8832**





Ómissandi




Hrein íslensk náttúruafurð

ms.is

ENNEMM / SÍA / NM57181


# Hafði glutrað niður öllum auðæfunum

Breska lögreglan vill ekkert fullyrða um það hvort rússneski auðkýfingurinn Boris Beresovskí hafi framið sjálfsvíg. Um síðustu aldamót var hann einn auðugasti maður Rússlands, en í janúar leit út fyrir að hann gæti ekki borgað skuldir sínar.

**BRETLAND** Boris Beresovskí fannst látinn á baðherberginu í stórhýsi sínu í Ascot á sunnanverðu Englandi síðasta laugardag. Lögreglan skýrði frá því á mánudagskvöld að banamein hans hefði verið henging. Ekki vildi hún fullyrða hvort hann hefði svipt sig lífi, en engin merki fundust um átök.

Um aldamótin var hann einn auðugasti og jafnframt einn valdamesti maður Rússlands, einn af „olígörkunum“ svonefndu, fáveldiskóngunum sem röðuðu sér á jötuna hjá Boris Jeltsín forseta.

Við andlátið hafði hann glutrað niður auðæfunum, var orðinn þunglyndur og vildi helst snúa aftur heim til Rússlands. Þaðan flúði hann árið 2001 í sjálfskipaða útlegð til Bretlands, eftir að hafa fallið í ónáð hjá Vladimír Pútín forseta.

Hann hefur síðan óspart gagnrýnt Pútín Rússlandsforseta, meðal annars sakað hann um að hafa staðið að morðinu á Alexander Litvinenko, rússneska njósnaranum sem lést í London árið 2006 eftir að eitrað hafði verið fyrir honum með geislavirku efni.

Þeir Litvinenko urðu góðir vinir eftir að Litvinenko fullyrti opinberlega að yfirmenn sínir hjá rússnesku leyniþjónustunni hefðu falið sér það verkefni að myrða Beresovskí. Litvinenko hlýddi ekki, heldur tók sér stöðu með stjórnarandstæðingum og fór að skrifa bækur um ógnarstjórn Pútíns.

Beresovskí slapp nokkrum sinnum með skrekkinn þegar reynt var að ráða hann af dögum, bæði í Rússlandi og í Bretlandi.



**BORIS BERESOVSKÍ** Ásamt lífvörðum sínum meðan auðæfin voru enn til staðar. NORDICPHOTOS/AFP

## Í innsta hring Jeltsíns forseta

Boris Bersovskí auðgaðist hratt á forsetatíð Boris Jeltsín í Rússlandi, þegar efnahagslíf gömlu Sovétríkjanna var að leysast upp á síðasta áratug 20. aldar í óðaverðbólgu, spillingu og ofbeldi. Hann náði til sín lífvænlegum fyrirtækjum fyrir lítið fé, varð auðugasti maður Rússlands og notaði sér óspart hvert tækifæri til að sanka að sér völdum. Hann komst fljótlega í innsta hring nánustu samstarfsmanna Boris Jeltsín forseta, sat á rússneska þjóðþinginu og var um skeið aðalframkvæmdastjóri Samveldis sjálfstæðra ríkja. Hann studdi upphaflega Vladimír Pútín til valda en féll fljótlega í ónáð hjá honum. Hann flúði til Bretlands um aldamótin þar sem hann sótti svo um hæli sem pólitískur flóttamaður. Óvíst er hve stóran hluta auðæfa sinna honum tókst að hafa með sér frá Rússlandi.

Árið 1994 var meðal annars gerð sprengjuárás á bifreið hans, sem kostaði bílstjóra hans lífið.

Á síðasta ári tapaði Beresovskí dómsmáli gegn Roman Abramovitsj, öðrum rússneskum auðkýfingi í Bretlandi, eiganda fótboltaliðsins Chelsea. Dómari sagði ekkert hæft í ásökunum Beresovskís um að Abramovitsj hefði kúgað út úr honum fé.

gudsteinn@frettabladid.is

Utanríkisráðuneytið hvetur fólk til að skoða gildistíma vegabréfa fyrir ferðir:

# Hundruð festast á hverju ári

**FERÐALÖG** Hundruð Íslendinga missa af flugferðum á hverju ári þar sem vegabréf þeirra uppfylla ekki reglur annarra ríkja um gildistíma þegar ferðalagið hefst.

Mörg ríki utan evrópska efnahagssvæðisins gera kröfu um að vegabréf þeirra sem þangað ferðast gildi í að minnsta kosti sex mánuði eftir að viðkomandi ætlar að yfirgefa landið aftur. Ef ferðamaður ætlar að dvelja í einn mánuð þarf vegabréfið að gilda í að minnsta kosti sjö við upphaf ferðar.

Fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi lent í vandræðum á flugvöllum erlendis, og jafnvel misst af flugi vegna þess að vegabréfið gildir ekki nógu lengi, segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Hundruð slíkra mála koma á borð ráðuneytisins árlega.

Ferðamenn sem lenda í vanda geta sótt um framlengingu á vegabréfi í sendiráðum og hjá ræðismönnum Íslands erlendis. Stundum tekst að bjarga málunum í tæka tíð, en allt of oft missir fólk af fluginu sínu og lendir í óþarfa fjárútlátum og töfum, segir Urður.



**STRANDAGLÓPAR** Mikilvægt er að kynna sér reglur þeirra ríkja sem ferðast á til um gildistíma vegabréfa. NORDICPHOTOS/GETTY

Ráðuneytið hvetur alla til að ganga úr skugga um að vegabréfið gildi nægilega lengi áður en lagt er af stað. Sérstaklega er hvatt til þess að þeir sem búa utan landsteinanna endurnýi tímanlega. - bj



**Páskaliljur 10 stk. 799 kr**

# PÁSKA MARKAÐUR



**Allt páskaskraut 25% afsláttur**



**tet a tet Páskaliljur í potti 299 kr**

## Heilsu torgið
**Blómavali Skútuvogi**



**10% afsláttur**
af öllum vörum í Heilsutorginu miðvikudag til laugardags

blómaval

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær




www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.

Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.

RENAULT

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

HEKLA BÆRIR Á SÉR

Bandarísk fjölskylda heimsækir eldfjallaeyjur til að kynnast sérstöku fólki:

# Havaí í fyrra, Ísland þetta árið

Bandarísku hjónin Stephen og Giulia Hamacher, og sonur þeirra Adam, gripu andann á lofti þegar þeim var færð sú frétt að Hekla, fjallið á bak við þau, gæti hugsanlega byrjað að gjósa hvað úr hverju. „Á hverju getum við átt von?“ spyr Giulia og fær það staðfest að engin yfirvofandi hætta sé á ferðum. „Við vorum í fyrra á Havaí undir stóru eldfjalli, svo þetta fer að verða alvanalegt fyrir okkur.“

Fjölskyldan dvelur á Íslandi í nokkra daga. „Þetta er mjög spennandi staður að heimsækja, þar sem við komum frá stórborg eins og New York. Við erum að leita að lítt byggðum stöðum og kynnast fólki sem býr á eldfjallaeyju. Það er eitthvað heillandi við sálarlíf fólks sem sættir sig við það,“ segir Giulia.



**ELDFJALLAEYJUR Í UPPÁHALDI** Stephen, Giulia og Adam Hamacher voru grunlaus um að Hekla væri tekin að bæra á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stephen játar að það myndi sannarlega gera ferðalagið eftirminnilegt að sjá fyrstu eldhræringarnar í Heklu í þrettán ár.

„Ég er strax kominn með góða sögu fyrir vini mína heima,“ segir Adam og lítur til fjallsins sem fjölskyldan hafði bæði heyrt og lesið um áður en hún kom. - shá



**SEFUR ENN** Drottningin sýndi engin merki þess í gær að eitthvað stæði til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skal hringja í Heklugeggjara ef gos hefst

Ferðaþjónustubóndi hefur skýr fyrirmæli um að hringja í hóp útlendinga ef eldgos hefst í Heklu. Fólk við rætur fjallsins hefur ekki fundið fyrir jarðskjálftum undanfarnar vikur. Gamall bóndi, sem hefur séð fimm Heklugos, óttast fjallið ekki.

„Ég hef skýr fyrirmæli frá allstórum hópi útlendinga um að hringja ef Hekla byrjar að gjósa. Þegar eldgos hefst taka þegar gildi pantanir á hótelherbergjum fyrir þetta fólk,“ segir Anders Hansen, ferðaþjónustubóndi í Heklusetrinu á Leirubakka.

Rétt fyrir hádegi í gær lýsti Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn á Hvolsvelli yfir óvissustigi Almannavarna vegna jarðhræringa í Heklu. Sjö jarðskjálftar hafa mælst á undanförnum tveimur vikum, sem eru úr takti við það sem vísindamenn eiga að venjast við Heklurætur. Jarðhræringar eru ekki útilokaðar og er fólki ráðið frá því að ganga á fjallið næstu daga.

Anders segir að tilkynning yfirvalda hafi fljótt haft sín áhrif. „Síminn byrjaði að hringja strax eftir tilkynninguna. Fólk er forvitið um fjallið.“

Anders hefur hins vegar ekkert orðið var við skjálftana að undanförnu og segir heimilisfólk aldrei finna þessa litlu skjálfta. „Við fylgjumst samt með, eins og flestir sem hér búa og horfa til Heklu nokkrum sinnum á dag.“

Hótelhaldararnir á Leirubakka hafa lista af áhugafólki um Heklu, þar sem krafan er að hringja ef nokkuð öruggt er að Hekla sé að fara að gjósa. „Þetta er fólk frá Evrópu og Ameríku, en það hefur ekki reynt á þetta enn þá. Þessi hópur á frátekið herbergi þegar eitthvað gerist. Það eru þúsundir manna sem koma til Íslands vegna Heklu. Margir hafa lesið um fjallið sem börn, sem hefur mikið aðdráttarafl,“ segir Anders.



**HÓTELHALDARI** Síminn byrjaði að hringja stuttu eftir tilkynningu Almannavarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sverrir Haraldsson, 85 ára bóndi í Selsundi, hefur á langri ævi séð fimm Heklugos, það fyrsta árið 1947. „Ef þið takið af mér mynd, þá hendi ég ykkur út. En ég skal segja ykkur frá Heklu,“ segir Sverrir og lýsir stóra gosinu 1947 sem „eina gosinu sem vert er að minnast“.

Sverrir, þá um tvítugt, vaknaði við snarpan jarðskjálfta og leit þá út um norðurglugga íbúðarhússins, sem sneri að fjallinu. „Þá var eldurinn að koma upp. Ég hef aldrei skilið í sögnum af upphafinu á því gosi. Ég sá svartan mökk standa úr fjallinu norðaustanverðu en ekki úr toppnum, eins og menn segja. En það gos var helvíti svakalegt. Um hádegi fórum við út að Rangá og þá var rétt ratljós, svo dimmt var orðið. Það var óhugnanlegt. Þá gaus hún 29. mars og fjallið heldur kannski upp á það á föstudaginn. En mér hefur aldrei verið illa við Heklu, það eru frekar jarðskjálftarnir sem gera usla. Mér er illa við þá,“ segir Sverrir.

svavar@frettabladid.is

## SÍÐASTA HEKLUGOS VARÐI Í TÓLF DAGA

- Hekla gaus síðast árið 2000, 26. febrúar 2000, og stóð í tólf daga.
- Hálftíma áður en gosið hófst sýndu skjálftamælar Veðurstofu Íslands þenslubreytingar í fjallinu sem virtust örugg vísbending um að kvika væri að þrýsta sér upp í gegnum gosrás Heklu. Almannavarnir voru látnar vita að gos myndi hefjast eftir 20 til 30 mínútur, sem gekk eftir.
- Eldgosið var öflugast fyrstu tvær klukkustundirnar og náði þá gosstrókurinn í um níu kílómetra hæð.
- Gosið var fremur lítið á mælikvarða Heklugosa.
- Fjölmargir lögðu af stað frá höfuðborgarsvæðinu og víðar til að berja gosið augum. Í það minnsta 1.500 manns sátu fastir í bílum sínum í Þrengslunum og voru aðgerðir björgunarsveita einhverjar þær mestu síðan í Vestmannaeyjagosinu árið 1973.

## 23 HEKLUGOS FRÁ LANDNÁMI

1693 1725 1766 1845 1878 1913 1947 1970 1980 1991 2000

**Eitt skaðsamasta gosið**
Gífurleg gjóskumyndun varð fyrstu stundir gossins. Talið er að 90% gjóskunnar hafi fallið í fyrstu hrinunni. Aska lá yfir öllu landinu og barst til Noregs. 55 jarðir á Suðurlandi urðu fyrir varanlegu tjóni. Búfé og villt dýr drápust. Þjófnaðir fylgdu sökum harðæris.

Eitt lengsta Heklugos sem sögur fara af. Svo kraftmikið að björg þeyttust nokkurn spöl frá fjallinu. Vikurfall svo mikið að Ytri-Rangá stíflaðist. Drunur heyrðust norðanlands og búfé drapst.

Gos úr sprungu 10 km austur af Heklutindi.

Gos á svipuðum slóðum og 1878. Mundafellshraun myndaðist. Hraunflæðið stíflaði ána Helliskvísl.



**Eftir 102 ára hlé**
Vatnsmagn Ytri-Rangár varð tvöfalt meðalrennsli Þjórsár. Gosdrunur heyrast í Grímsey. Búfé fellur og einn vísindamaður lést þegar á hann féll glóandi hraunhella. Fyrsta eldgosið sem þaulrannsakað var hér á landi. Ásjóna Heklu breyttist og hækkaði um 50 metra.

Um 7.500 kindur drepast af flúoreitrun. Öldugígar hlóðust.

Gos í toppgígnum. Enn hækkar fjallið um 20-30 metra. Nokkur eyðilegging.



HEIMILDIR: ANNÁLAR HEKLUGOSA (WWW.ISLANDIA.IS/HAMFARIR/JARDFRAEDILEGT/ELDGOS/HEKLA.HTML) / WIKIPEDIA.ORG–HEKLA.

# TOSHIBA FARTÖLVUR

## TOSHIBA

### ÖFLUG INTEL i3 FRÁ TOSHIBA

Þessi var að lenda. Sérstaklega öflug 15,6" Toshiba fartölva með Intel i3 örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 750GB hörðum diski fyrir gögnin. Intel HD 3000 skjákort, USB 3.0 og HDMI.

**119.990**



TOS SAT C850-1MD

---

**FERMINGARTÖLVAN Í ÁR**

**TOSHIBA**



TOS SAT C850-1GL

15,6" með Intel Dual Core örgjörva, 4GB vinnsluminni og 320GB hörðum diski. HDMI og USB3. Windows 8.

**79.990**

---

**RAUÐ MEÐ INTEL PENTIUM**

**15,6"**



**TOSHIBA**

TOS SAT C855-1TC

15,6" með 6 GB vinnsluminni og 750GB diski. Mjög flottur rauður litur og sterkbyggð umgjörð fyrir mikla daglega notkun.

**119.990**

---



**i3 ULTRABOOK**

**TOSHIBA**

SAT U940-104

Örþunn og meðfærileg 14" fartölva með Intel i3 og WiDi þráðlausum háhraðaflutningi. Löng rafhlöðuending.

**129.990**

---

**TOSHIBA**

**INTEL i5**



Flott 15,6" fartölva með sprækum Intel Core i5 örgjörva, 6GB vinnsluminni og 750 GB stórum hörðum diski.

TOS SAT C855-24V

**139.990**

---

**i7 OG GT630M**

**TOSHIBA**



TOS SAT P850-336

Kröftugur Intel Quad Core i7 örgjörvi af nýjustu kynslóð og 2GB nVidia GeForce GT630M skjákorti.

**179.990**

---

## WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

PROMENNT

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## HEIMURINN




### Komnir í Arababandalagið

**1** **KATAR** Fulltrúar sýrlenskra stjórnarandstæðinga eru á meðal fulltrúa annarra ríkja á leiðtogafundi Arabandalagsins, sem hófst í Katar í gær. Ákvörðun um að bjóða þeim til fundarins var tekin í framhaldi af utanríkisráðherrafundi Arababandalagsins fyrr í vikunni. Mouaz al Katib, fyrrverandi forseti Sýrlenska þjóðarbandalagsins, er aðalfulltrúi Sýrlands á fundinum. Hann segir þetta styrkja stöðu sýrlensku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

### Sýknunin ógilt



**2** **ÍTALÍA** Áfrýjunardómstóll sakamála á Ítalíu hefur ógilt sýknun í máli hinnar bandarísku Amöndu Knox, sem sökuð var um að hafa myrt herbergisfélaga sinn, Meredith Kercher, árið 2007 í borginni Perugia. Knox var dæmd í 26 ára fangelsi á Ítalíu og sat inni í nærri fjögur ár, en fór heim til Bandaríkjanna eftir að hún var sýknuð í október 2011. Ítalir geta ekki krafist framsals hennar. Dómstóllinn sneri einnig við sýknu þáverandi kærasta hennar, Raffaele Sollecito.



NORDICPHOTOS/AFP

**3** **NORÐUR-KÓREA** Her N-Kóreu sendi út tilkynningu í gær þar sem hann sagði flugskeyta- og þungavopnsdeildir sínar vera í sem allra bestu formi um þessar mundir. Jafnframt sendu Norður-Kóreumenn frá sér myndir frá heræfingum, þar sem vígbúnaður landsins er óspart notaður. Suður-Kóreumenn og Bandaríkjamenn túlka þetta sem enn eina hótunina frá Norður-Kóreu, sem nýverið hótaði kjarnorkuárásum á Bandaríkin. Litlar líkur þykja þó á því að Norður-Kórea geri alvöru úr hótunum sem þessum, að minnsta kosti ekki næsta mánuðinn meðan sameiginlegar heræfingar Bandaríkjanna og Suður-Kóreu eru haldnar í næsta nágrenni.

# Íslenskir fangar eru lengur í einangrun

Hámarkstími einangrunarvistar er mun lengri á Íslandi en víða annars staðar. Réttarsálfræðingur segir að rökstyðja þurfi ákvörðun um langa einangrun vel og huga að afleiðingunum. Þekkist að einangrun sé notuð til að mýkja fanga upp.

**FANGELSISMÁL** Leyfilegur hámarkstími fyrir fanga í einangrun er mun lengri hér á landi en tíðkast víða erlendis. Samkvæmt lögum má vista fólk í einangrunarklefum í hámark fjórar vikur, en lengur ef brot varðar að minnsta kosti tíu ára fangelsisvist.

Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur segir þetta verulega langan tíma ef miðað sé við lög í Bretlandi, þar sem hámarkstími í einangrun er fjórir dagar.

„Það þarf að rökstyðja svona ákvörðun vel og huga að afleiðingunum. Einangrun getur haft mikil áhrif á sálarlífið og jafnvel framburð einstaklings,“ segir hann. „Þetta er alltaf spurning um hvers vegna hún er notuð. Það er alltaf hægt að segja að það sé verið að leita að gögnum, en hún er líka notuð til að mýkja menn aðeins.“

Hann bendir á að leyfilegur hámarkstími hér sé margfalt lengri en í Bretlandi. „Það þarf alltaf að hugsa hvort þetta sé nauðsynlegt, en mér finnst þetta mjög langt,“ segir hann.

Fram kemur í umsögn hinnar svokölluðu Pyntinganefndar Evrópuráðsins frá árinu 1999 um aðstæður íslenskra fanga að lítillega hafi dregið úr beitingu einangrunarvistar síðan í síðustu heimsókn árið 1993, en það sé enn áhyggjuefni hversu mikið úrræðinu sé beitt hér á landi. Þá mælir nefndin með því að lögreglu sé gert að sýna gæsluvarðhaldsföngum skriflegan rökstuðning um hvers vegna þeir séu settir í einangrun.



**FANGELSI** Réttarsálfræðingur segir einangrunarvist hafa áhrif á sálarlífið og jafnvel framburð. Trúnaðarráð fanga telur einangrunarvist hættulega andlegri og líkamlegri heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**GÍSLI GUÐJÓNSSON**

Í umsögn Trúnaðarráðs fanga á Litla-Hrauni vegna breytingar á lögum um refsingar árið 2004 segir að einangrun sé „hættuleg andlegri og líkamlegri heilsu manna og algjörlega árangurslaus í hegningarskyni. Hið eina sem af því hlýst eru auknar þjáningar og einangrun sem leiðir til þess að fanginn er mun líklegri til að brjóta af sér á nýjan leik“. Þar segir einnig að fangar sem sæti áralangri einangrun geti orðið andfélagslegir, einrænir, bitrir, jafnvel geðveikir og hættulegir.

sunna@frettabladid.is

## Afleiðingar einangrunarvistar

Einangrunarvist getur haft margþættar og alvarlegar afleiðingar. Gísli segir að afar sterk rök þurfi að liggja fyrir áður en einstaklingur er settur í slíka vist.

**Meðal afleiðinga eru:**

- Svefntruflanir
- Rugluð hugsun
- Neikvæð áhrif á sálarlífið og líðan
- Stress

Þá getur einangrun gert það að verkum að fangar breyti framburði sínum og segi jafnvel ósatt til að losna úr vistinni.






**Í BÓNUS** Vörukarfa ASÍ hefur hækkað um 64% hjá Bónus á fimm árum.

Mest hækkun í lágvöruverðsverslunum :

# Bónus og Samkaup-Strax hækkuðu mest

**NEYTENDUR** Verð vörukörfu ASÍ hefur hækkað meira í lágvöruverðsverslunum en öðrum verslunum frá því í apríl 2008 þar til nú í byrjun mars. Í fréttatilkynningu frá ASÍ segir að vörukarfan hafi hækkað mest í Bónus og Samkaupum-Strax, eða um 64 prósent, en minnst hjá Nóatúni eða um 26 prósent. Bent er á það til samanburðar að verð á mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hafi hækkað um 46 prósent á sama tímabili.

Stefán Guðjónsson, forstöðumaður innkaupa- og markaðssviðs Samkaupa sem reka jafnframt Nettóverslanirnar, efast um að verð á vörukörfunni hafi hækkað meira hjá lágvöruverðsverslununum en öðrum. „Ég næ ekki utan um þetta. Þeir eru væntanlega að taka vöru sem er samanburðarhæf. Raunveruleikinn er sá að við höfum aukið innflutning á matvöru sem ekki fæst í hinum verslununum um 30 prósent á ári frá 2008. Vörukarfa ASÍ endurspeglar ekki það sem neytandinn er að kaupa hjá okkur.“

Hagar gagnrýna mælingar ASÍ og segja þær ekki standast skoðun.

Í fréttatilkynningu ASÍ segir að einungis séu birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga. Ekki sé því um beinan verðsamanburð að ræða, það er hvar ódýrustu vörukörfuna sé að finna. Jafnframt er bent á að skoðuð hafi verið þau verð sem í gildi voru á hverjum tíma. Tilboð á einstaka vöruliðum geti því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos og safa auk hreinlætis- og snyrtivara.

- ibs







# Hótuðu eða reyndu sjálfsvíg í fangelsinu

Helmingur sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum reyndi, hótaði eða hugsaði um sjálfsvíg í gæsluvarðhaldi. Starfshópur um málin telur að fjöldi gagna, sem gerð voru við rannsóknina, sé enn týndur. Meðal þeirra séu gögn frá Schütz. Margt gagna kom aldrei fyrir dóm.

**STJÓRNSÝSLA** Að minnsta kosti helmingur sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum reyndi, hótaði eða hugsaði um sjálfsvíg á meðan á gæsluvarðhaldi stóð. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um málin.

Kristján Viðar Viðarsson reyndi í tvígang að stytta sér aldur um jólin 1976 til 1977. Hann reyndi bæði að skera sig á púls og kveikja í klefa sínum. Í kjölfarið var tekin upp sólarhringsgæsla yfir honum því talið var líklegt að hann myndi reyna sjálfsvíg aftur. Ekki er að sjá af fangelsisdagbók að hann hafi notið aðstoðar fangalæknis, fangaprests eða annarrar sálgæslu á þessu tímabili, að því er fram kemur í skýrslunni.

Þá kemur fram að Erla Bolladóttir hafi verið talin í sjálfsvígshættu seinni hluta ársins 1976. Fram kemur í athugasemdum þýska rannsóknarlögreglumannsins Karls Schütz að eftir yfirheyrslu í október það ár hafi hún hótað sjálfsmorði.

Í dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar frá árinu 1976 koma fram hugleiðingar hans um sjálfsvíg og óskir um dauða. „Mikið vildi ég að Guð tæki mig til sín, ég er alveg að gefast upp,“ skrifaði hann á gamlársdag árið 1976. Í viðtölum starfshópsins við fangaverði kemur fram að öllum sakborningunum sex hafi liðið mjög illa í varðhaldinu.

Fram kemur í skýrslu starfshópsins að hann telur líklegt að fjöldi gagna, sem hafi orðið til við rannsókn málanna, hafi ekki enn fundist. Meðal þessara gagna eru frekari gögn frá Schütz og rannsóknarnefnd Reykjavíkur. „Hópurinn telur líklegt miðað við umfang rannsóknarinnar að fleiri gögn hafi verið þýdd á þýsku fyrir Schütz en ella má draga þá ályktun að hann hafi ekki haft nægilega góða yfirsýn yfir rannsóknina á tungumáli sem hann skildi.“

Einnig hefur komið í ljós að Schütz hafi haldið daglega fundi með rannsóknarnefnd Reykjavíkur og ritaðar hafi verið fundargerðir, sem hafa ekki fundist.

Þá hafa lögregluskýrslur og minnispunktar, bæði um yfirheyrslur yfir fjórmenningunum svokölluðu, og er varða rannsókn Guðmundarmálsins, ekki fundist. Að auki hafa lyfjaskrár, um lyf í Síðumúlafangelsi, ekki fundist.

Nokkur fjöldi gagna sem varð til við rannsóknina rataði aldrei fyrir dóm og verjendur og dómarar höfðu ekki aðgang að þeim. Þetta þarf að sögn hópsins ekki að vera óeðlilegt. Þó hafa ekki fengist skýringar á öllum þeim gögnum sem tekin voru út.

thorunn@frettabladid.is

## LÁGMARKSFJÖLDI YFIRHEYRSLA



**Erla Bolladóttir** a.m.k. 105 yfirheyrslur á níu mánuðum. Lögmaður þrisvar viðstaddur.



**Guðjón Skarphéðinsson** a.m.k. 75 yfirheyrslur á tveimur mánuðum. Hitti lögmann sinn 27 sinnum.



**Sævar Ciesielski** a.m.k. 180 yfirheyrslur á tveimur árum. Ekkert talað um lögmann.



**Albert Klahn** a.m.k. 26 yfirheyrslur á 87 dögum. Hitti lögmann fjórum sinnum.



**Kristján Viðar Viðarsson** a.m.k. 160 yfirheyrslur á einu og hálfu ári. Ekkert talað um lögmann.



**Tryggvi Rúnar Leifsson** a.m.k. 95 yfirheyrslur á tæpum tveimur árum. Hitti lögmann 25 sinnum samkvæmt fangelsisdagbók.

„Ljóst er þó að upplýsingar um fjölda og lengd yfirheyrsla og annarra samskipta milli rannsakenda og sakborninga eru frekar van- en oftaldar því í málunum báðum liggja ekki fyrir upplýsingar um tímalengd yfirheyrsla í fjölda tilvika og þá liggur oft ekki fyrir hvort um formlega skýrslutöku var að ræða eða óformlegt samtal.“

Úr skýrslu starfshópsins



**SKÝRSLAN SKOÐUÐ** Erla Bolladóttir var yfirheyrð að minnsta kosti 105 sinnum á níu mánuðum á meðan hún sat í varðhaldi. Hér skoðar hún skýrslu hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA









**AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA**

Skírdagur: 10.00 – 21.00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10.00 – 21.00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10.00 – 21.00

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# PÁSKALÆRI – fyrir þig og þína!



**PÁSKALÆRI – fyrir þig og þína!**
Þú getur valið ókryddað eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja- og eplamarinerað!

**1398** kr. kg
Lambalæri, krydduð og ókrydduð



Trönuberja- og eplamarinerað



Hvítlauks- og rósmarínmarinerað



New York-marinerað



Piparmarinerað lambalæri



Grillkryddað



**2798** kr. kg
Lambaprime

30% afsláttur



**1596** kr. kg
Verð áður ~~1198~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

FRÁBÆRT VERÐ!



**698** kr. kg
Grísabógur, hringskorinn

GJAFAKORT KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

# VEISLUMATUR
## fyrir fjölskylduna



**30% afsláttur**
**3499 kr. kg**
Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Ungnautalundir, erlendar

**35% afsláttur**
**2989 kr. kg**
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

**20% afsláttur**
**2289 kr. kg**
Verð áður ~~2898~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent




**Nóa Nizza páskaegg**
Karamelluegg 1296 kr.
Lakkrísegg 1296 kr.
Perluegg 1296 kr.

**Freyju páskaegg**
Draumaegg no. 10 2680 kr.

**Góu páskaegg**
Lakkrísegg 1680 kr.
Hraunegg 1480 kr.




**170 kr. stk.**
Egils malt og appelsín, 0,5 l

**98 kr. stk.**
Hátíðarblanda, 0,5 l

**150 kr. stk.**
Egils páskaöl, 0,5 l

**149 kr. stk.**
Hátíðarappelsín, 2 l
Meðan birgðir endast


KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

Sameining sveitarfélaga er mál allra skattgreiðenda:

# Lifað á öðrum

Fjórðungur sveitarfélaga á Íslandi fær yfir fjörutíu prósent tekna sinna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sex sveitarfélög fá meira en helming tekna sinna úr sjóðnum. Það sem fær mest hefur um tvo þriðju tekna sinna þaðan.

Þessar tölur koma fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á Alþingi, sem Fréttablaðið sagði frá á mánudaginn. Það þarf ekki að koma á óvart að sveitarfélögin sem lifa á Jöfnunarsjóðnum eru þau fámennustu. Af þeim sex sem hafa meira en helming tekna sinna úr sjóðnum eru fimm með 100-200 íbúa. Stærstu sveitarfélög landsins borga hins vegar miklu meira í sjóðinn en þau fá úr honum.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Tekjur jöfnunarsjóðsins samanstanda annars vegar af framlagi úr ríkissjóði sem er ákveðið hlutfall af öllum skatttekjum ríkisins og hins vegar af hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga. Þetta þýðir í raun að íbúar stærri sveitarfélaganna niðurgreiða þjónustu og framkvæmdir í þeim smærri.

Einhver jöfnun á milli sveitarfélaga þarf ekki að vera óeðlileg, sérstaklega þar sem stór verkefni hafa flutzt frá ríki til sveitarfélaga undanfarna áratugi; rekstur grunnskólans og þjónusta við fatlaða. En það er alveg fráleitt að pínulítil sveitarfélög, sem hafa í raun enga burði til að takast á við verkefnin sem þeim eru ætluð, lifi þannig á öðrum.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagðist í Fréttablaðinu á mánudag ekki vilja nálgast málið með því að segja að litlu sveitarfélögin lifðu á þeim stóru. Hann er auðvitað kurteis og vill ekki styggja umbjóðendur sína, þannig að hann segir sama hlutinn með öðrum orðum: Það er engin skynsemi í því að vera með mörg lítil sveitarfélög. Rökin fyrir þeirri miklu fækkun sveitarfélaga sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi eru að stjórnsýslan sé nógu burðug til að takast á við stór og flókin verkefni með hagkvæmum hætti.

Halldór segir að andstaðan við sameiningu sveitarfélaga sé oft byggð á tilfinningalegum rökum. Íbúar lítilla jaðarbyggða óttist að missa spón úr aski sínum og hluta af sjálfsmynd sinni, verði sveitarfélögin sameinuð öðrum. Tillögur um að lágmarksmannfjöldi í sveitarfélagi verði 1.000 manns hafi ævinlega verið felldar og séu því ekki stefna sveitarstjórnarfólks.

Við skulum ekki gera lítið úr tilfinningarökunum. Þau eiga rétt á sér alveg eins og hagkvæmnisrökin um sameiningu og eflingu sveitarfélaga. En það er ekki bæði hægt að eiga kökuna og éta hana. Þeir sem vilja halda tilfinningaafstöðunni til streitu og neita að finna hagkvæmustu lausnirnar á veitingu þjónustu sveitarfélaganna geta ekki gert kröfu til þess að fá að senda öðrum skattgreiðendum í landinu reikninginn.

Krafa skattgreiðenda hlýtur þess vegna að vera færri og stærri sveitarfélög og að pínulitlu sveitarfélögin sem eru staðráðin í að halda sínu striki og vera áfram pínulítil hætti að njóta niðurgreiðslnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Mánuður til stefnu**

Í dag er sléttur mánuður til kosninga. Allir flokkar á niðurleið í skoðanakönnunum nema einn: Framsóknarflokkurinn, sem er í stöðugri sókn. Þar hljóta menn að vera býsna rólegir – jafnvel spenntir. Þeir mælast í þrjátíu prósentustigum en um áramót hefðu tuttugu prósent þótt harla góð niðurstaða á þeim bænum. Þeir þurfa því að fara mjög illa að ráði sínu næstu vikur ef þeir ætla ekki að vinna stórsigur. En annað eins hefur svo sem gerst.

**Klúður**

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fyrir rúmum mánuði hlýtur hins vegar að fara í bækurnar sem einhver sá mislukkaðasti sem sögur fara af. Kannanir bentu til þess að fylgi flokksins hefði dalað vikurnar fyrir fundinn og flokksmenn bundu vonir við að þar mætti blása lífi í glæðurnar og koma flokknum aftur hátt í 40 prósentustigin sem þeir telja að þeim beri. Öðru var nær. Frá landsfundinum hefur fylgið bókstaflega reyst af Sjálfstæðisflokknum, og nú er svo komið að hann mælist með litlu meira fylgi en í sögulegum ósigri hans fyrir fjórum árum. Bjarni og félagar hljóta að fara að birtast landsmönnum í páskaauglýsingum, annað væri uppgjöf.





**Misheppnað útspil**

Svo er það Samfylkingin. Það átti aldeilis að sýna fólki hversu ábyrgur flokkur færi þar og hversu lausnamiðaður formaður Árni Páll Árnason væri, með því að leggja fram einhverslags sáttatillögu um stjórnarskrármálið. Það reyndist hins vegar engin sátt vera um sáttatillöguna og fylgið hefur lítið hreyfst – nema þá helst niður á við. Og Vinstri græn – eru þau í framboði?

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Bildt, Össur, fullveldið og Kýpur

EVRÓPUMÁL



Björn Bjarnason
fv. ráðherra

Á árunum 2004 til 2007 sátum við Össur Skarphéðinsson saman í nefnd sem kannaði tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Meginniðurstaða nefndarinnar var að hagsmunum Íslands væri mjög vel borgið með samningum um evrópska efnahagssvæðið (EES), hann hefði staðist tímans tönn. Íslendingar hefðu hins vegar ekki nýtt aðild að EES sem skyldi. Þeir hefðu mun fleiri tækifæri til áhrifa á löggjöf ESB en nýtt hefðu verið.

Af grein Össurar Skarphéðinssonar í Fréttablaðinu 26. mars 2013 má ráða að hann kjósi að gleyma því sem hann lærði í störfum nefndarinnar. EES-samstarfið lifir góðu lífi og tækifærin bíða enn eftir að þau séu nýtt. Össur kýs í grein sinni að vitna í Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía, sem á í vök að verjast heima fyrir vegna vaxandi gagnrýni Svía á starfshætti innan ESB og meiri þunga en nokkru sinni fyrr í andstöðu þeirra við upptöku evru. Bildt er talsmaður ESB-sambandsríkis og evru-sinni. Hann veit að andstaða Íslendinga við ESB-aðild hefur áhrif í Svíþjóð. Hann munar ekki um að rægja EES-samstarfið til að fegra eigin málstað.

Carl Bildt taldi Össuri trú um í júlí 2009 að Íslendingar væru á hraðferð inn í ESB. Hann hafði ekkert fyrir sér í málinu en Össur beit á öngulinn. Össur hrífst enn af fullyrðingastíl Carls Bildt og sannfærist um að fullveldi Íslendinga aukist við að flytja það til Brussel.

**➜ Bildt er talsmaður ESB-sambandsríkis og evru-sinni. Hann veit að andstaða Íslendinga við ESB-aðild hefur áhrif í Svíþjóð. Hann munar ekki um að rægja EES-samstarfið til að fegra eigin málstað.**

Að telja þjóðum trú um að fullveldinu sé betur borgið á evru-svæðinu en utan þess eða ESB verður æ erfiðara. Haustið 2008 höfðu íslensk stjórnvöld til dæmis vald og þrek til að halda bönkum opnum þrátt fyrir hrun fjármálakerfis. Á Kýpur var bönkum lokað 15. mars og hafa ekki verið opnaðir 26. mars. Kýpverjar hröktust úr einu vígi í annað vegna krafna frá Brussel. Hvað segir þetta dæmi um gildi fullveldis á örlagastundu?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Latte-listinn: Gegn óforskömmuðu kjördæmapoti

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson fékk eina traustustu stuðningsyfirlýsingu stjórnmálaferils síns í síðustu viku þegar þingmaðurinn knái Árni Johnsen kallaði hann „borgarsveitalubba“ og fullyrti að þar færi „einhver alvitlausasti borgarfulltrúi sem hefur verið í sögu Reykjavíkur“. Tilefnið var sú skoðun Gísla Marteins að flytja eigi Reykjavíkurflugvöll burt úr Vatnsmýrinni.

Tólf ár eru síðan Reykvíkingar kusu flugvöllinn burt. Enn þekur þó grámóskan mýrina meðan rellurnar sveima yfir húsþökum miðborgarinnar svo hriktir í kofaskriflum þar sem við latte-lepjandi „lubbarnir“ sitjum og sötrum lífrænt ræktaðan morgunsopann gegnum þykka mjólkurfroðu uns klukkan er langt gengin í hádegi. Ítök sem þingmenn landsbyggðarinnar hafa á hinum ýmsu sviðum stjórnmálanna, í flugvallarmálinu sem fleirum, eru mikil og hlutfallslega meiri en þingmanna Reykjavíkursvæðisins miðað við atkvæðavægi íbúanna. Það skýtur því skökku við að fram er komið nýtt stjórnmálaafl sem kallar sig Landsbyggðarflokkinn. Á heimasíðu flokksins segir: „Svo virðist sem gömlu og nýju flokkarnir ætli málefnum landsbyggðarinnar ekki mikið pláss – ef þá nokkuð, og samkvæmt hefðinni koma þau alltaf síðust.“

Af öllum þeim glæfralegu loforðum og firrtu fullyrðingum sem vella upp úr stjórnmálamönnum í kosningabaráttu hlýtur ofangreind yfirlýsing að komast á topp tíu listann. Því ef fréttir undanfarinna vikna hafa kennt okkur eitthvað þá er það hvernig óheftur sleikjuskapur þingmanna við landsbyggðina – óheflað kjördæmapot þeirra sem berjast með kjafti og klóm fyrir bitlingum heim í hérað í skiptum fyrir áframhaldandi þingsetu – hefur leitt hörmungar yfir náttúru landsins, heimili og fyrirtæki.

**Dýrasta daður sögunnar**

Niðurstaða dýrasta daðurs stjórnmálamanna við landsbyggðina í sögu landsins liggur nú fyrir. Kárahnjúkavirkjun var komið á koppinn svo framleiða mætti orku fyrir álver sem greiðir fyrir hana svo lágt verð að upphæðin var um langt skeið leyndarmál, og, eins og fram kom í fréttum síðustu viku, greiðir nánast engan tekjuskatt hér á landi. Fyrir þetta fengu landsmenn að borga með þenslu og himinháu vaxtastigi sem gerði heimilum og fyrirtækjum erfitt um vik um árabil og – eins og frægt er orðið – dauða Lagarfljóts. Helsti ávinningur af Kárahnjúkavirkjun, stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, virðist því sá að í dag eru íbúar Reyðarfjarðar 544 fleiri en árið 2002 þegar smíðin á virkjuninni hófst.

Úps. Við hefðum betur hlustað á Andra Snæ og Draumalandið hans. En við gerum það bara næst. Eða hvað?

**2,6 milljarða kosningavíxill**

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, sagði í samtali við Viðskiptablaðið að frumvarp Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, um stóriðju á Bakka við Húsavík væri einn stærsti kosningavíxill sem nokkru sinni hefði verið gefinn út. Frumvarpið, sem kveður á um að 2,6 milljarðar verði veittir í vegaframkvæmdir, jarðgöng og hafnarbætur við Húsavík til að þýska fyrirtækið PCC megi reisa kísilmálmverksmiðju í nágrenninu, liggur nú fyrir Alþingi.

En hver er ávinningurinn? Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að áætlaðar tekjur kísilmálmverksmiðjunnar muni „tæpast einar og sér standa undir kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu innviða“. Með öðrum orðum: Framkvæmdin svarar ekki kostnaði. Jafnframt kemur þar fram að hún hafi „þensluáhrif í för með sér sem hækkar lítillega vaxtastigið með smávægilegum neikvæðum áhrifum á almenna atvinnuvegafjárfestingu“. Þar að auki er lagt til í nefndaráliti sem fylgir frumvarpinu að kísilmálmverksmiðjan njóti sérstakrar undanþágu frá því að greiða þá skatta og opinberu gjöld sem öðrum fyrirtækjum landsins ber að standa skil á.

Hljómar kunnuglega, ekki satt?

**Kjúklingur og franskar**

Erfitt er að sjá að kísilmálmverksmiðja á Bakka hafi marga aðra kosti í för með sér en að skapa 399 störf á Húsavík og nágrenni sem vill svo til að er einmitt í Norðausturkjördæmi, kjördæmi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Svo fullur af kosningamóð er hins vegar atvinnuvegaráðherrann að honum nægir ekki aðeins að fólk og fyrirtæki greiði fyrir kjördæmapot hans með hærra vaxtastigi, afleiðingu stóriðjustefnu sem maður hefði haldið að bryti gróflega í bága við „græna“ hlutann í nafni flokks hans.

Á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu í síðustu viku benti Margrét Kristmannsdóttir, formaður samtakanna, á þann sparnað sem innflutningur á landbúnaðarvörum gæti haft í för með sér fyrir heimili landsins. „Fjögurra manna fjölskylda sem vildi fá sér kjúklingabringur í kvöldmat ásamt frönskum kartöflum þarf í dag að greiða tæpar 1.900 krónur en myndi greiða um ellefu hundruð krónur ef versluninni stæði til boða að flytja þetta inn án ofurálagna,“ sagði Margrét.

En nei. Landbúnaðarkerfið, skjaldborg um hagsmuni nokkurra atvinnurekenda á landsbyggðinni, ber að vernda. Sér í lagi rétt fyrir kosningar. Steingrímur J. Sigfússon lýsti yfir á sama fundi að hann setti sig alfarið upp á móti frekari innflutningi á landbúnaðarvörum.

**Reykjavíkurflugvöllur og Mývatn**

Hvort þörf sé á að einhver taki sig til og stofni stjórnmálaflokkinn Latte-listann til höfuðs Landsbyggðarflokknum skal ósagt látið. En ljóst er að taka þarf fyrir óforskammað kjördæmapot þingmanna landsbyggðarinnar.

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason lýsir yfir áhyggjum á heimasíðu sinni af afdrifum Mývatns verði kísilmálmverksmiðja á Bakka að veruleika. Andri Snær var einn háværasti andstæðingur Kárahnjúkavirkjunar. Við hunsuðum aðvaranir hans og annarra. Það væri landi og þjóð

> En fórnarkostnaðurinn má ekki vera svo geigvænlegur að hann sligi náttúruna, fólkið og fyrirtækin.

til ævarandi skammar að endurtaka mistökin. Auðvitað mega stjórnmálamenn berjast fyrir því að halda fjölbreytilegri byggð í landinu með sértækum aðgerðum. En fórnarkostnaðurinn má ekki vera svo geigvænlegur að hann sligi náttúruna, fólkið og fyrirtækin. Ef landsbyggðarfólk getur gert kröfu um að fá að lenda á flugvelli í hjarta Reykjavíkur þegar það kemur í bæinn hljótum við „borgarsveitalubbarnir“ að geta gert kröfu um að Mývatn verði enn á sínum stað næst þegar við sækjum Steingrím J. Sigfússon heim í Norðausturkjördæmi.







# Ísland er ekki Kýpur norðursins

EVRÓPUMÁL



**Þorkell Sigurlaugsson**
viðskiptafræðingur

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í febrúar sl. var samþykkt tillaga þess efnis að hætta beri viðræðum við Evrópusambandið og ekki taka aftur upp viðræður fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Á landsfundi þar á undan hafði verið samþykkt að gera hlé á viðræðunum og að þær færu ekki aftur af stað fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Mikill munur er á því að hætta viðræðum og gera hlé á þeim.

Það er undarleg stefna að slíta viðræðum við Evrópusambandið og ætla svo að kjósa einhvern tíma á fyrri hluta næsta kjörtímabils um það hvort óska eigi aftur eftir viðræðum. Það veikir mjög samningsstöðuna að óska eftir að hefja hugsanlega viðræður að nýju að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrrverandi varaformaður flokksins hefur komið með þá hugmynd að kosið verði samhliða næstu alþingiskosningum.

### Ólíkar skoðanir

Tveir sjálfstæðismenn, þeir Björn Bjarnason, fv. ráðherra menntamála og dómsmála, og Þorsteinn Pálsson, fv. forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra, skrifa reglulega greinar og pistla sem ég les með athygli enda reynsla þeirra, þekking og yfirsýn mikil. Björn Bjarnason vill slíta viðræðum við Evrópusambandið og að þjóðin kjósi síðar um það hvort hefja eigi þær á nýjan leik. Þorsteinn Pálsson vill hins vegar ljúka yfirstandandi viðræðum og ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurstöðuna.

Síðastliðinn föstudag, 22. mars, skrifar Björn Bjarnason á vefsíðu sinni: „Það er með ólíkindum að hér berjist menn fyrir að Íslendingar komist að sameiginlegri niðurstöðu með stækkunardeild ESB um aðild að sambandinu til að hljóta sömu stöðu og Kýpur, jafnvel enn meira ósjálfstæði vegna samrunaþróunar innan ESB.“ Tilvitnun lýkur.

Á Facebook-síðu sinni sl. sunnudag vitnar Björn í grein eins besta blaðamanns Breta: „Southern Europe lies prostrate before the German imperium.“ „Cyprus is only the first victim of a one-size-must-fit-all policy that is made in Berlin.“

### Vandi Kýpur

Það er mjög óeðlilegt að líkja Kýpur og vandamálum þeirra eitthvað við Ísland. Stærðin skiptir ekki öllu máli og vandi Kýpur er allt annar en Íslendinga. Vandi Kýpur snýst um áhrif fjármagnsflæðis frá Rússum og fleirum, peningaþvætti og skattaskjól. Kýpur hefur verið nokkurs konar fjármálamiðstöð með allt of stórt bankakerfi eins og Ísland var fyrir hrun.

Í leiðurum Morgunblaðsins þann 25. og 26. mars er svo gert grín að öllu saman og eins og venjulega gert eins lítið og hægt er úr Evrópusambandinu og farið niður á Ragnar Reykás-plan. Mér finnst ekki við hæfi að fjalla um þessi mál í anda Spaugstofunnar eða Hraðfrétta. Nær væri að upplýsa lesendur um það sem raunverulega er að gerast.

Það sem er að gerast á Kýpur hefur verið að gerast á Íslandi undanfarna áratugi, bara undir öðrum formerkjum og með öðrum aðferðum. Verðmæti fjármuna fólks og fasteignir rýrna sífellt og á tímum óðaverðbólgu voru tugir prósenta teknir af innistæðueigendum í bönkum. Með lágum vöxtum á innistæður eða vegna verðbólgu minnka sífellt raunveruleg verðmæti peninga og fasteigna. Við það bætist að verðtryggingin, sem er afleiðing verðbólgu og veikrar myntar, leiðir til sífelldrar eignaupptöku hjá innistæðueigendum í bönkum og til lakari lífskjara.

### ESB er að breytast

Það er ekki óeðlilegt að Evrópusambandið taki á þessum málum á Kýpur alveg eins og við Íslendingar tökum á okkar málum við bankahruninð. Í bankakreppunni á Kýpur eru farnar nýjar leiðir eins og Jeroen Dissjelbloem, fjármálaráðherra Hollands, bendir á. Getur verið að ESB sé eitthvað að horfa til reynslunnar á Íslandi? Getur ekki verið að Íslendingar eigi einhver tækifæri í samningaviðræðunum og að tekið verði tillit til smæðar Íslands og sérstöðu og einnig styrkleika og þekkingar á mörgum sviðum, svo sem í sjávarútvegs- og orkumálum?

**➜ Ég vil hvetja forystumenn Sjálfstæðisflokksins og alla sem styðja flokkinn að hætta áróðri á annan hvorn veginn um Evrópusambandið og berjast frekar saman fyrir öðrum mikilvægari málum.**

### Enn tími fyrir Sjálfstæðisflokkinn

Ég vil hvetja forystumenn Sjálfstæðisflokksins og alla sem styðja flokkinn að hætta áróðri á annan hvorn veginn um Evrópusambandið og berjast frekar saman fyrir öðrum mikilvægari málum. Auðvitað á ekkert okkar að fara úr flokknum þótt einhver mismunandi sjónarmið séu í Evrópumálum. En það má þá ekki læsa dyrum og hleypa ekki öðrum sjónarmiðum inn. Höldum á lofti þeirri stefnu sem skynsamlegust er, þ.e. að treysta næstu ríkisstjórn, sem Sjálfstæðisflokkurinn á vonandi aðild að, til að ljúka viðræðunum eftir það hlé sem nú er í gangi og ná fram þeim besta samningi sem kostur er. Það mun styrkja stöðu og valkosti Sjálfstæðisflokksins eftir kosningar. Kosningaloforðið á ekki að vera að slíta fyrirvaralaust viðræðum við ESB. Það kemur ekki í veg fyrir að sjálfstæðismenn sem það vilja geti verið þeirrar skoðunar að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins. Þjóðin á aftur á móti rétt á að fá fram niðurstöðu viðræðnanna og kjósa svo um þá niðurstöðu.

# Opið bréf til mennta- og menningarmálaráðherra

ÍÞRÓTTIR



**Tinna Björg Kristinsdóttir**
íþróttafræðingur og tveggja barna móðir

Sæl Katrín.

Mig langar að kynna þig fyrir íþróttaaðstöðunni á Stokkseyri.

Íþróttahúsið, sem er gamalt iðnaðarhúsnæði, er 230 fermetrar að stærð, þar af er geymslupláss um 30 fermetrar. Sökum þess hversu lítið geymsluplássið er þarf að geyma ýmis áhöld á öðrum stöðum og má þar nefna borðtennisborð sem geymt er inni á klósetti sem ætlað er einstaklingum í hjólastól, og fimleikahest, sem er geymdur í anddyri hússins og er hann staðsettur fyrir framan einu brunavarnir hússins. Borð í eigu Ungmennafélags Stokkseyrar eru geymd úti í ryðguðum gámi og eru þau öll með tölu orðin ónýt vegna myglu og kulda. Um 150 stólar eru geymdir á gangi hússins og eru þeir staðsettir beint fyrir framan búningsklefana.

Einnig eru miklar rakaskemmdir í húsinu sökum leka en í þau sex ár sem ég hef starfað í húsinu hefur ekki mátt rigna án þess að þakið leki, og nú er lekinn farinn að berast úr veggjunum.

Í íþróttahúsinu eru kenndar skólaíþróttir fyrir 1.-6. bekk Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þar eru einnig starfandi fimleikadeild og taekwondodeild, auk þess sem húsnæðið er notað undir íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri, körfuboltaiðkun, líkamsrækt fyrir fullorðna og ýmis veisluhöld endrum og eins. Samtals telur þetta um 600 heimsóknir á viku.

### Langvarandi aðgerðaleysi

Nú er á dagskrá hjá Sveitarfélaginu Árborg að skipta um þak á húsnæðinu auk þess sem þau hafa frá því um áramótin verið að reyna að finna lausn til þess að stækka geymsluplássið. Inni á fimm til tíu ára plani bæjarstjórnarinnar er svo að byggja nýtt íþróttahús hér á Stokkseyri. Væri ekki nær lagi að hefjast strax handa við byggingu á nýju íþróttahúsi í stað þess að vera að eyða fjármunum í ónýtt húsnæði? Sveitarfélagið hefur tekist að byggja upp stórgóð íþróttamannvirki á Selfossi og stuðla þannig að frábæru íþróttastarfi þar í bæ. Það verk sem sveitarfélagið hefur unnið þar er til fyrirmyndar og á það heiður skilið fyrir þá uppbyggingu. Að sama skapi ætti sveitarfélagið að skammast sín fyrir aðstöðuna sem það býður okkur Stokkseyringum og nærsveitungum upp á og langvarandi aðgerðarleysi þeirra í endurbótum á því.

Ég vil nota tækifærið og minna á það sem stendur í Stefnuskrá Árborgar um íþrótta- og tómstundamál. Þar stendur meðal annars:

- Að markmið sveitarfélagsins með íþrótta- og tómstundastarfi sé að gæta jafnréttis í hvívetna og veita öllum tækifæri til að eflast og þroskast á eigin forsendum, óháð efnahag, búsetu, aldri eða stöðu að öðru leyti.

**➜ Væri ekki nær lagi að hefjast strax handa við byggingu á nýju íþróttahúsi í stað þess að vera að eyða fjármunum í ónýtt húsnæði?**

- Að skapa sveitarfélaginu jákvæða ímynd og gera það enn eftirsóknarverðara til búsetu.
- Að börn og unglingar kynnist mörgum íþróttagreinum og fái þannig tækifæri til að velja þá grein sem þeim best hentar.
- Að bæta aðstöðu fyrir hvers konar almenningsíþróttaiðkun og auka fjölbreytni.
- Að tryggja eldri borgurum greiðan aðgang að íþróttamannvirkjum.

Svo virðist sem Stokkseyri og Eyrarbakki flokkist ekki undir þessa annars ágætu stefnuskrá og veit ég fyrir víst að íbúar þorpanna, bæði ungir sem aldnir, vilja sjá breytingar þar á.

Mér er mjög annt um börnin er búa hér á svæðinu og stunda skólaíþróttir og aðrar tómstundir utan skóla í íþróttahúsnæðinu okkar. Aðstaðan sem þeim er boðin upp á er til háborinnar skammar og hættuleg heilsu þeirra sem hlaupa þar um oft í viku.

Getur þú, sem mennta- og menningarmálaráðherra og yfirmaður íþróttamála á landinu, hjálpað okkur íbúum Stokkseyrar og Eyrarbakka í baráttu okkar við sveitarfélagið Árborg um að fá mannsæmandi íþróttaaðstöðu fyrir börn okkar?

Með fyrirfram þökk.

# Fyrsta endurnýjaða húsnæðið á Íslandi sem hlýtur hina virtu BREEAM umhverfisvottun




Reitir óska EFLU verkfræðistofu til hamingju með BREEAM vottunina, alþjóðlega vottun fyrir vistvænt húsnæði. EFLA er til húsa í vistvænum skrifstofugörðum Reita við Höfðabakka 9 og er þetta fyrsta húsnæðið á Íslandi sem er endurnýjað samkvæmt hinum virta BREEAM staðli.

www.reitir.is

REITIR
Fasteignafélag

# Þjóðhagsleg arðsemi ráði för

SKIPULAGSMÁL



Gunnar H. Gunnarsson
verkfræðingur



Örn Sigurðsson
arkitekt

Grein Elínar Hirst, frambjóðanda í Kraganum, í Fréttablaðinu 21. mars um mikilvægi Vatnsmýrarflugvallar vekur furðu. Svona skrifa landsbyggðarþingmenn í kjördæmapoti eða aðilar með sérhagsmuni í fluginu.

Elín hefur greinilega ekki kynnt sér skýrslur um miðstöð innanlandsflugs, sem gerðar voru 2007 fyrir Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra. Þar kemur fram að þjóðhagslega mjög arðsamt sé að flytja miðstöðina á Hólmsheiði eða á Keflavíkurflugvöll.

Tvennt skyldi Elín hugleiða vilji hún starfa lýðræðislega í pólitík: A. Reykvíkingar kusu flugvöllinn burt í lýðræðislegum kosningum 2001. B. Sveitarfélög hafa skipulagsvaldið í lögsögu sinni.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 fer flugvöllurinn úr Vatnsmýri 2016. Þá rís þar þétt og blönduð miðborgarbyggð. Ríkið verður að flytja miðstöðina úr Vatnsmýri. Hvert hún fer er ríkisins og því höfuðverkur þess ef ekki má meta veðurfar á Hólmsheiði með heiðarlegum og sómasamlegum hætti.

1946 var Vatnsmýrarsvæðið tekið af Reykvíkingum með blygðunarlausri valdbeitingu ríkisins í skugga margfalds atkvæðamisvægis, án lóðarleigu og skaðabóta þau 67 ár sem liðin eru. Um leið og borgarbúar glötuðu kjörlendinu og yfirráðum yfir lofthelginni vestan Elliðaáa misstu þeir stjórn á framtíðarþróun höfuðborgarinnar.

Skipulagsóreiðan í kjölfarið smitaðist yfir borgarmörkin til norðurs og suðurs. Þá varð til fyrsti vísir glænýs þéttbýlis í Mosfellshreppi, Kópavogi og Garðahreppi, sem auðveldaði síðan landsbyggðarflutninga á mölina. Þar búa nú 25% landsmanna, en hlutfall Reykvíkinga hefur haldist óbreytt í 67 ár, um 38%.

**→ Stjórnlaus útþensla byggðar er þjóðarböl. Eina leiðin til að stöðva hana er að Reykvíkingar taki forystu um framtíðarþróun byggðar …**

### Þjóðarböl

Stjórnlaus útþensla byggðar er þjóðarböl. Eina leiðin til að stöðva hana er að Reykvíkingar taki forystu um framtíðarþróun byggðar fyrir mannvænt, vistvænt og skilvirkt höfuðborgarsamfélag.

Miðborgarbyggð í Vatnsmýri í stað dreifðrar úthverfabyggðar minnkar akstur um a.m.k. 20%. Árlegur aksturskostnaður lækkar þá um a.m.k. 1% eða 2 milljarða kr. fyrsta árið, 4 milljarða annað árið o.s.frv., alls um a.m.k. 400 milljarða á 20 árum. Þá fyrst skapast góð skilyrði fyrir almannasamgöngur, nærþjónustu, göngur og hjólreiðar. Með eðlilegri uppbyggingu Vatnsmýrar er virði ríkislandsins a.m.k. 70 milljarðar kr. og borgarlandsins 140 milljarðar. Ríkishluturinn nægir fyrir nýjum flugvelli, ytra vegakerfi Vatnsmýrarbyggðar og a.m.k. þremur landsbyggðarjarðgöngum.

### Langstærsta hagkerfið

Höfuðborgarbyggðin er með strjálbýlustu borgum heims með 14 íbúa á hektara og 700 bíla á hverja 1.000 íbúa, tvöfalt á við evrópskar borgir. Hún þekur 150 $km^2$, meira en París og Manhattan samanlagt.

Höfuðborgarsamfélagið er langstærsta hagkerfi Íslands. Óskilvirkni þess vegna stjórnlausrar útþenslu byggðar af völdum Vatnsmýrarflugvallar gætir í þjóðarhag. Og þrátt fyrir háar þjóðartekjur á mann skilar sá árangur sér m.a. þess vegna ekki í pyngjur landsmanna. Það er sandur í gírkassanum.

Sem upprennandi stjórnmálamaður ætti Elín að einbeita sér að ábyrgri pólitík í stað þess að ganga hugsunarlaust í smiðju gömlu flugvallarsinnanna, sem aldrei hafa þurft að færa fram rök fyrir orðum sínum, hvorki í ræðu né riti, heldur hafa þeir beitt útúrsnúningum, ósannindum, og annarri rökleysu í krossferð fyrir einkahagsmunum en gegn almannahag.

## AF NETINU

### Evra tekin upp í laumi

Júlíus Sólnes verkfræðingur er greindur maður með athyglisgáfuna í lagi. Var í Tyrklandi og tók eftir að Tyrkir hafa tekið upp evru á laun án þess að spyrja kóng eða prest. Allt verð á vörum og þjónustu er auglýst í evrum þar í landi. Þegar Júlíus reyndi að borga með tyrkneskum lírum, settu menn upp svip og reiknuðu honum óhagstætt gengi. Það er sem sagt ódýrara að borga þar með evrum en lírum. Allir nota evru, auglýsa bíla og lausamuni í evrum og semja um laun sín í evrum. Þetta sama eigum við að gera hér, taka í ró og mag upp alvöru evru samhliða krónunni án þess að biðja evrugreifana leyfis.

http://www.jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

### Framrás Framsóknar

Er fylgisaukning Framsóknarflokksins lest sem verður ekki stöðvuð?

Þunginn virðist vera að aukast fremur en hitt – og það er aðeins mánuður til kosninga.

Sjálfstæðisflokkurinn gæti þurft að horfast í augu við það að vera ekki stærsti flokkurinn – tvennar kosningar í röð.

Það er einsdæmi.

Á þeim bæ hlýtur að ríkja skelfingarástand – viðmiðunartalan hjá Sjálfstæðisflokknum var löngum 36 prósent, nú nálgast flokkurinn 23 prósentin sem hann var með í síðustu kosningum.

http://eyjan.pressan.is

**Egill Helgason**




# GRILL TILBOÐ

## ÖLL WEBER OG OUTBACK GRILL Á TILBOÐI

STÓRLÆKKAÐ VERÐ! mikið úrval!



weber

**Weber Q220**
Meðfærilegt gasgrill á fótum.
Postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli.
Grillflötur: 54x39 cm.
3.51 kW
3000268

**59.900**
~~66.900~~



weber

**Weber Spirit E310 Classic**
3 ryðfríir brennarar 11,0 kW
Rafstýrður kveikjari
Ryðfríar grillgrindur
Grillflötur: 61x44 cm
3000266

**99.800**
~~112.990~~

## AUTHOR GÆÐA REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA • NÝ SENDING ÓTRÚLEGT VERÐ!

AUTHOR



**29.900 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Author Vectra 26″**
3899998

AUTHOR



**29.900 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Author Trophy 26″**
3899987




FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Komdu og fáðu tilboð
í sólpallinn við erum í páskaskapi!

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# PÁSKAEGG

## OG GÆÐAKONFEKT




**FRÁBÆRT VERÐ**

Freyju Fjarkinn með rískúlum
~~verð áður 1.098 kr. stk.~~
**898** kr. stk.

**LÆKKAÐ VERÐ**

Góu páskaegg nr. 4
~~verð áður 1.099 kr. stk.~~
**998** kr. stk.

**LÆKKAÐ VERÐ**

Nóa páskaegg nr. 4
~~verð áður 1.359 kr. stk.~~
**1.289** kr. stk.

**LÆKKAÐ VERÐ**

Nóa páskaegg nr. 7
~~verð áður 3.198 kr. stk.~~
**2.898** kr. stk.




Terry's dökkt súkkulaði
**299** kr. pk.

Terry's mjólkursúkkulaði
**299** kr. pk.

Cadbury mjólkursúkkulaði
**399** kr. pk.



# BERJA BOMBA



Rifsber, verð áður 640 kr.
**289** kr. pk

Brómber, verð áður 579 kr.
**299** kr. pk

Hindber, verð áður 690 kr.
**359** kr. pk

Bláber, verð áður 458 kr.
**259** kr. pk

Jarðarber, verð áður 329 kr.
**199** kr. pk

## Afgreiðslutímar um páskana

| | | |
|---|---|---|
| 28.03 | *Skírdagur, fimmtudagur* | **11:00–20:00** |
| 29.03 | *Föstudagurinn langi* | **Lokað** |
| 30.03 | Laugardagur | **11:00–20:00** |
| 31.03 | *Páskadagur, sunnudagur* | **Lokað** |
| 01.04 | *Annar í páskum, mánudagur* | **11:00–20:00** |

# LAMBALÆRI

## SÍGILT OG GOTT Í LJÚFFENGA PÁSKAMÁLTÍÐ

Höfum tryggt okkur 5 tonn
**FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ**



**VERÐ SPRENGJA**

Lambalæri, frosið
~~verð áður 1.389 kr. kg~~
**989** kr. kg




**TAKMARKAÐ MAGN**

Veislufugl, séralinn 1.fl.
~~verð áður 1.299 kr. kg~~
**899** kr. kg

# VEISLUFUGL

## ORA MEÐLÆTI




ORA grænar baunir **143** kr. stk.

ORA maískorn **214** kr. stk.

ORA sveppir í sneiðum **194** kr. stk.

ORA rauðkál **219** kr. stk.

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Opið frá kl. **11–20** alla daga
**Engihjalla og Granda**

**Iceland**



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**MANLIO CANDI**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi þann 22. mars. Útförin fer fram frá Aðventkirkjunni, Ingólfsstræti 19, þriðjudaginn 2. apríl klukkan 13.00.

**Sigríður Candi**
**Marina Candi** — **Harald Ragnar Óskarsson**
**Indro Candi** — **Heba Magnúsdóttir**
**Elfa Frið Haraldsdóttir** — **Leó Blær Haraldsson**
**Karel Candi** — **Markús Candi**



†

Faðir minn, afi og vinur,

**GUÐMUNDUR K. MAGNÚSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð laugardaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 9. apríl kl. 15.00.

**Magnús Guðmundsson**
**Emil Kári Magnússon**
**Hulda Böðvarsdóttir**
**og aðstandendur.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR HAFSTEINN KONRÁÐSSON**
**skriftvélameistari/rafeindavirkjameistari, Sólheimum 32, Reykjavík,**

andaðist á Landakoti aðfaranótt 24. mars. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Stella Þórdís Guðjónsdóttir**
**Ómar Sigurðsson** — **Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Bára Sigurðardóttir** — **Kristján O. Þorgeirsson**
**Erla Sigurðardóttir** — **Jón Arnar Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**RAGNAR SVAFARSSON**
**Ferjubakka 4, Reykjavík,**

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 19. mars. Útförin fer fram þriðjudaginn 2. apríl frá Fella- og Hólakirkju klukkan 13.00.

**Stella Magnúsdóttir**
**Svafar Ragnarsson** — **Svava Margrét Blöndal Ásgeirsdóttir**
**Gunnar Már Ragnarsson** — **Hrafnhildur H. K. Friðriksdóttir**
**Stefán Ragnarsson** — **Árný Lára Karvelsdóttir**
**Pia Kousgaard**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,

**BEATA RYBAK ANDRÉSSON**
**skrifstofumaður og efnafræðingur,**

lést miðvikudaginn 20. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Hún verður jarðsungin frá Landakotskirkju föstudaginn 5. apríl klukkan 15.00.

**Þorsteinn Andrésson**
**Helena T. Rybak** — **Stanislaw Rybak**
**Robert Rybak, Sylwia Czaban, Stanislaw Rybak, Zdzislaw Rybak**
**Jensína Þórarinsdóttir** — **Andrés Sigurðsson**
**Þórarinn H. Andrésson, Sigríður Andrésdóttir, Linda Andrésdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Gera óperu aðlaðandi fyrir börnin

Verkefnið Töfraflautan fyrir börn er eitt af nýjum verkefnum sem Aurora velgerðasjóður styrkir í ár. Edda Austmann sópransöngkona er einn af aðstandendum verkefnisins þar sem markmiðið er að fræða börn um óperu.

„Ég hef gengið með þessa hugmynd lengi í maganum og með þessum styrk getum við loksins ráðist í útgáfuna,“ segir sópransöngkonan Edda Austmann, sem stendur að útgáfu barnabókarinnar og hljóðdisksins Töfraflautan fyrir börn.

Verkefnið fékk á dögunum 500 þúsund króna styrk úr velgerðasjóði Auroru. Um er að ræða hið fræga ævintýraverk Töfraflautuna eftir Mozart. Verkið hefur verið notað mikið erlendis til að kynna börnum óperur. Edda segist lengi hafa viljað gera óperu aðgengilega og aðlaðandi fyrir börn hér á landi.

„Fræðsla barna um óperur hefur verið mjög takmörkuð hingað til. Ég man sjálf eftir að hafa fengið óperusöngvara í heimsókn í skólann til okkar sem söng ægilega hátt og skildi börnin oft og tíðum eftir skelfingu lostin,“ segir Edda hlæjandi en ásamt henni standa Pamela De Sensi og Halla Þórlaug Óskarsdóttir að verkefninu.

Um er að ræða hljóðdisk, þar sem þessi þriggja klukkutíma ópera hefur verið stytt niður í klukkutíma, og samhliða því verður gefin út barnabók þar sem Halla Þórlaug glæðir persónur verksins lífi með skemmtilegum myndum. „Nú eru kröfurnar um barnaefni orðnar svo miklar að mér finnst mjög mikilvægt að börnin fái að fletta bók á meðan þau hlusta á diskinn. Þetta eru svo fallegar teikningar hjá Höllu sem ég heillaðist alveg af,“ segir Edda en þetta er fyrsta barnaóperan sem gefin verður út á íslensku. Hugmyndin er svo að nýta útgáfuna við tónmenntakennslu ásamt því að setja hana upp í samstarfi við Töfrahurðina í Salnum og mögulega í Menningarhúsinu Hofi á nýju starfsári.

„Barnabókin er miðuð við aldurinn 4-10 ára en hljóðdiskurinn er aldurslaus og ætti að höfða til allra. Við stefnum á útgáfu fyrir jólin.“ alfrun@frettabladid.is



**ÓPERA FYRIR BÖRNIN** Halla Þórlaug Óskarsdóttir og Edda Austmann eru á meðal aðstandenda útgáfu Töfraflautunnar eftir Mozart fyrir börn en verkefnið fékk á dögunum styrk úr velgerðasjóði Auroru. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Úthlutun Auroru velgerðasjóðs 2013

Aurora velgerðasjóður var stofnaður árið 2007 af þeim hjónum Ingibjörgu Kristjánsdóttur og Ólafi Ólafssyni sem lögðu sjóðnum til einn milljarð króna. Úthlutað er að þessu sinni 48,3 milljónum króna til fimm verkefna á sviði mannúðar, mennta og menningar hérlendis og í Afríkuríkinu Kenía í samstarfi við ABC hjálparstarf.

**Ný verkefni:**
- Styrkur til ABC hjálparstarfs í Kenía 1,8 milljón.
- Styrkur til Vinafélags Vinjar, athvarfs geðfatlaðra við Hverfisgötu, 1 milljón á ári í þrjú ár.
- Styrkur til Töfraflautunnar eftir Mozart fyrir börn 500 þúsund

Áframhaldandi verkefni:
- Kraumur tónlistarsjóður 20 milljónir
- Hönnunarsjóður Auroru 25 milljónir



†

Útför

**AÐALSTEINS KR. GUÐMUNDSSONAR**
**Sléttuvegi 11, Reykjavík,**

fer fram frá Kapellunni í Fossvogi 27. mars klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðmundur Y. Pálmason** — **Jónína Líndal**



†

**KRISTÍN GÚSTAFSDÓTTIR**
**Ljósheimum 20,**

lést 12. mars 2013. Bálför hennar hefur farið fram.

**Helga Rúna Gústafsdóttir**
**Margrét Gústafsdóttir**



†

Okkar ástkæra dóttir, systir, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN BARÐADÓTTIR (GÍGJA)**
**Sambýlinu Bláargerði 9-11, Egilsstöðum,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað 24. mars sl. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 30. mars kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarkort Hringsins.

**Guðrún Friðgeirsdóttir**
**Björg Barðadóttir**
**Brynhildur Barðadóttir** — **Jón Víðir Hauksson**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

**SIGURÐUR KONRÁÐ HAUKSSON**
**Hálsaseli 11,**

lést á líknardeild LSH sunnudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Björk Helgadóttir**
**Arna Björk Sigurðardóttir** — **Aron Morthens**
**Magnús Haukur Sigurðarson**
**Þorsteinn Hauksson**
**Hrafnhildur Hauksdóttir**
**Vala Hauksdóttir**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGURRÓSAR GRÍMSDÓTTUR**
**frá Búðarflöt, Álftanesi.**

**Gunnar Sigurðsson** — **Jóna Guðlaugsdóttir**
**Hallgrímur Sigurðsson** — **Sólveig Einarsdóttir**
**Bertha María Sigurðardóttir** — **Róbert Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginkonu minnar, systur og frænku,

**IÐUNNAR LÚÐVÍKSDÓTTUR**
**Tjarnarbóli 4, Seltjarnarnesi.**

Megi páskahátíðin vera okkur öllum styrkur á framtíðarbraut.

**Sigurður B. Oddsson**
**Gerður Lúðvíksdóttir**
**Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir**



## BEINT TIL EDINBORGAR

Breska flugfélagið easyJet býður nú beint flug milli Keflavíkur og Edinborgar en félagið hyggst fljúga þangað tvisvar sinnum í viku – á mánudögum og fimmtudögum. Edinborg er þriðji áfangastaður félagsins frá Íslandi og er easyJet eina flugfélagið sem býður flug héðan til borgarinnar um þessar mundir.

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

BORÐAR ÞÚ RÉTT ?
CrossFit 30-40-30
1.690 kr
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

# HEILLANDI LANDSLAG Á VINNUSTAÐNUM

**Á TÖKUSTAÐ** *Eva Vala Guðjónsdóttir starfar sem búningahönnuður og aðstoðarmaður við búninga í kvikmyndum. Hún segir margt heillandi við starfið, eins og að fá að vinna á mörgum af fegurstu stöðum Íslands.*

Tökum á kvikmyndum fylgir oft mikil fjarvera frá heimili og oftar en ekki á stöðum sem skrýddir eru stórbrotnu landslagi. „Í myndinni Noah vorum við til dæmis á Vigdísarvöllum í Krýsuvík sem er einstaklega fallegt svæði. Í svona verkefnum er oft dvalið lengur á stöðum sem maður alla jafna keyrir fram hjá eða stoppar stutt við. Þá stendur maður og horfir á eitthvað fjall í hálfan dag og fer að sjá landið á allt annan hátt,“ segir Eva um upplifun sína af því að dvelja á tökustað.

Eva kom einnig að gerð myndarinnar „Á annan veg“ og sá þar um hár, förðun og búninga. „Í Á annan veg vorum við á Patreksfirði en svo var ég einnig í myndinni The secret life of Walter Mitty. Þar voru tökur meðal annars í Stykkishólmi og í Borgarnesi. Í Noah var líka farið til Mývatns svo það eru töluverð ferðalög sem fylgja þessu starfi.“ Eitt af fallegum svæðum sem Eva hefur heimsótt í vinnunni er Suðurland. „Ég hef oft verið þar við tökur en þá er gert út frá Vík í Mýrdal. Landslagið á þessu svæði er ótrúlega fallegt og í hvert skipti sem ég fer þangað sé ég eitthvað nýtt við það.“

Ókosturinn við starfið er hins vegar fjarveran frá heimilinu en kvikmyndagerð er mikil tarnavinna. „Undanfarið hef ég verið í næturtökum, þannig að þegar allir eru að vakna á heimilinu er ég að koma heim.“

Á morgun heldur Eva til Akureyrar ásamt manni sínum, leikaranum Bergi Þór Ingólfssyni, og börnum þar sem þau eyða páskahátíðinni. „Við erum þrjár systurnar sem hittumst alltaf á Akureyri um páskana ásamt fjölskyldunni og njótum þess að borða góðan mat og fara á skíði. Magga systir býr fyrir norðan og við hertökum húsið hennar,“ segir Eva og hlær og bætir svo við. „Ég kem úr vinnunni klukkan sjö og fer beint upp í bíl að sofa og vakna svo vonandi endurnærð á Akureyri.“

■vidir@365.is



**VAKNAR Á AKUREYRI** Eva ætlar að vera með fjölskyldunni á Akureyri um páskana. „Ég kem úr vinnunni klukkan sjö á morgun og fer beint upp í bíl að sofa, svo vakna ég vonandi endurnærð á Akureyri.“ MYND/STEFÁN

Panasonic AIRPLAY SAMSTÆÐA
Glæsileg samstæða frá Panasonic með AirPlay tengingu, útvarpi og geislaspilara. Stæðan er þunn og tilvalin til að hengja á vegg.
Panasonic SCHC57
59.990
VERÐ ÁÐUR 79.990
airplay
Hannað fyrir iPod iPhone iPad
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS






**KEMPUR** Hljómsveitin Ný dönsk spilaði árið 2011 við góðar undirtektir. MYND/RÓSA

# KYNSLÓÐIR SKEMMTA SÉR VEL SAMAN

**ROKK Á ÍSAFIRÐI** *Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er haldin árlega um páskana. Ólíkir aldurshópar skemmta sér saman í sátt og samlyndi.*

Margir landsmenn verða á faraldsfæti um páskana og verður Ísafjörður án efa vinsæll viðkomustaður eins og undanfarin ár. Páskarnir eru annasamur tími í lífi bæjarbúa hvert ár en þá er bæði skíðamót haldið þar og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður, sem nú er haldin tíunda árið í röð. Ein þeirra sem sótt hefur hátíðina öll árin er Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, framkvæmdastjóri tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði. Hún lætur sig ekki vanta í ár, frekar en þau fyrri, enda er hátíðin einstök að hennar sögn. „Spilagleðin og gleðin yfir því að hjálpast að og taka þátt, búa til einstaka stemningu hér einkennir þessa hátíð. Hún smitast síðan yfir til gesta hátíðarinnar þannig að úr verður mjög sérstakur andi. Hátíðin inniheldur síðan alltaf svo fjölbreytt tónlistaratriði þar sem ólíkar kynslóðir koma saman og hlýða á fjölbreytta tónlist úr öllum áttum. Svona hátíð er líka ómetanlegt tækifæri fyrir eldra fólk til að heyra tónlist sem það myndi annars aldrei heyra, til dæmis raftónlist og harða rokktónlist. Fólk verður því almennt víðsýnna í tónlistarlegum skilningi og lærir að hlusta og meta annars konar tónlist en það er vant að hlusta á.“

Matthildur hefur upplifað marga eftirminnilega tónleika undanfarin ár. Sérstaklega hefur henni þótt skemmtilegt að uppgötva nýja uppáhaldstónlistarmenn. „Það var til dæmis mikil upplifun fyrir mig og aðra hér að sjá Valdimar spila hér í fyrsta skiptið. Sama má segja um Hjálma sem slógu algjörlega í gegn þegar þeir spiluðu hér fyrst. Annars er þetta eins og að gera upp á milli barna sinna að velja úr atriði.“

Í ár er Matthildur mest spennt fyrir tónleikum Fjallabræðra og Röggu Gísla. „Svo ætlar Bubbi Morthens að spila á hátíðinni í fyrsta skipti. Það verður sérstakt að heyra hann spila lagið Aldrei fór ég suður, en nafn hátíðarinnar er sótt í titil lagsins. Svo er Mugison auðvitað alltaf flottur. Sjálf tengist ég reyndar tveimur atriðum hátíðarinnar. Maðurinn minn mun spila með gamalli ballhljómsveit sem heitir Dolbý og það verður gaman að sjá þá taka gömlu slagarana. Svo er sonur minn í hljómsveit sem heitir Hörmung. Vonandi standa þeir ekki undir nafni.“



**STEMNING** Fólk á öllum aldri sækir hátíðina en ókeypis er á hana. MYND/RÓSA



**FJÖLBREYTNI** Heyra má rokk, popp, raftónlist og rokkabillí á tónlistarhátíðinni. MYND/RÓSA



**EINSTÖK** Matthildur lætur sig ekki vanta á hátíðina Aldrei fór ég suður. MYND/ÁGÚST ATLASON




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BRÚÐKAUP

Kynningarblað
Kjólar, kökur, brúðarvendir, smáréttir, húð og hár.

MIÐVIKUDAGUR **27. MARS 2013**




TILBRIGÐI VIÐ TERTU
**Bollakökur í stað brúðartertu 2**

MADELEINE GIFTIST
**Konunglegt sumarbrúðkaup í Svíþjóð 8**

RÓMANTÍSKT Á FRÓNI
**Sífellt fleiri útlendingar gifta sig á Íslandi 16**


# Hringurinn á hafsbotni

**Birgitta Birgisdóttir og Örvar Smárason giftu sig í Súðavíkurkirkju árið 2007. Örvar fór í sjósund á brúðkaupsnóttina og missti hringinn í sjóinn. Hjónabandið hefur engu að síður blómstrað og eiga þau von á sínu öðru barni.**

MYND/PJETUR

# Keimur af gleði, ást og hamingju

Íðilfagrar brúðkaupstertur með blúndum og blómum úr sykurmassa hafa stolið senunni í brúðkaupsveislum undanfarið enda stolt hverrar brúðar að hafa bakað og skreytt krúnudjásn veislu sinnar. Kristín Eik Gústafsdóttir segir einfalt að baka brúðkaupstertur.

Brúðartertan og brúðarkjóllinn gegna veigamestu hlutverki í brúðkaupsveislunni og nú er vinsælt að gera tertur í stíl við kjólinn. Það kemur mjög skemmtilega út og þá unnið út frá munstri í kjólnum eða blúndum sem unnar eru í sykurmassa og látnar standa út úr kökunni eins og á brúðarkjólunum,“ upplýsir Kristín Eik Gústafsdóttir, kaupkona í versluninni Allt í köku.



Kristín Eik Gústafsdóttir í Allt í köku.

Kristín Eik segir gamaldags rómantík og ljósa vintage-liti vera hæstmóðins í brúðkaupstertutískunni nú.

„Að baka eigin brúðkaupstertu er í senn raunhæft og einfalt, ásamt því að vera töluvert ódýrari kostur og vekja stolt með bakaranum. Þá eru samverustundirnar yfir tertugerðinni dýrmætar og brúðkaupsterta heiman úr eldhúsi verður bæði gestum og brúðhjónunum ógleymanleg,“ segir Kristín Eik sem í upphafi þurfti að útskýra fyrir viðskiptavinum Allt í köku hvað sykurmassi til kökuskreytinga væri.

„Sykurmassi er alls ekki nýr af nálinni en hann var nýjung á Íslandi þegar við opnuðum veturinn 2010. Fyrir þann tíma var marsípan aðallega notað til tertuskreytinga eða þá í krem. Brúðartertugerð hefur því tekið miklum stakkaskiptum síðan aðgengi að sykurmassa og áhöldum til skreytinga batnaði,“ segir Kristín sem byrjaði með 300 vörunúmer en er nú með þau yfir þrjú þúsund.



„Mikilvægustu hráefnin í brúðartertuna eru ást, hamingja og gleði. Miklu skiptir að hafa gaman af kökugerðinni því annars verður kakan ekki eins falleg og varla jafn bragðgóð ef búið er að bölva henni mikið á meðan hún var búin til,“ segir Kristín Eik hlæjandi. *- þlg*



Kristín Eik Gústafsdóttir á veg og vanda af brúðartertunni og bollakökunum sem hér prýða síðuna. Hún segir vinsælt í dag að bjóða eingöngu upp á fagurskreyttar bollakökur í stað hefðbundinnar brúðkaupstertu. Blómin á kökunum eru handunnin úr sykurmassa. MYNDIR/PJETUR

## Fersk sítrónuterta í sumarbrúðkaupið

225 g ósaltað smjör
6 dl hveiti
½ tsk. lyftiduft
½ tsk. matarsódi
1 tsk. salt
1 msk. fínrifinn sítrónubörkur
3½ dl sykur
2 stór egg
3 eggjarauður
30 ml nýkreistur sítrónusafi
240 ml létt ab-mjólk

Setjið hveiti, lyftiduft, matarsóda, salt og sítrónubörk í skál og hrærið saman. Þeytið saman smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Blandið eggjum og eggjarauðum saman við, einu í einu. Þeytið svo sítrónusafa saman við. Blandið þurrefnum og ab-mjólkinni saman við. Gott er að setja helming af þurrefnum út í skálina, síðan ab-mjólk og að lokum hinn helming þurrefnanna. Smyrjið tvö kringlótt bökunarmót, 20 cm í þvermál, með smjöri og stráið hveiti yfir til þess að koma í veg fyrir að kakan festist við mótið. Hellið deiginu jafnt í bæði mótin og bakið við 180°C í 35 mínútur. Athugið að bökunartími er misjafn eftir ofnum. Kælið í 10 mínútur áður en kakan er tekin úr mótinu og leggið á kæligrind.

## Sítrónusíróp:

1¼ dl sykur
120 ml vatn
1 sítróna í sneiðum
60 ml nýkreistur sítrónusafi

Setjið sykur og vatn í pott og hitið að suðu. Leggið sítrónusneiðar í sykurlöginn og sjóðið á meðalháum hita í um 25 mínútur. Takið sítrónusneiðarnar upp úr og leggið á smjörpappír. Sítrónusneiðarnar má nota til að skreyta tertuna ef vill. Bætið sítrónusafa út í pottinn og sjóðið þar til blandan verður að sírópi. Stingið göt í kökubotnana með tannstöngli og smyrjið sírópi á botnana á meðan þeir eru enn volgir. Kælið botnana alveg áður en kremið er sett á og þeir settir saman.

## Krem:

3 stórar eggjahvítur
1½-2 dl sykur (fer eftir stærð eggjahvíta)
Salt á hnífsoddi
80 ml vatn
¼ tsk. Madagascar-vanilluextrakt

Setjið eggjahvítur, sykur, salt og vatn í skál og hitið yfir vatnsbaði. Stillið á meðalháan hita og hrærið í stöðugt þar til sykurinn hefur leyst upp. Hellið blöndunni í hrærivélaskál og þeytið þar til kremið verður glansandi og stendur í toppi. Varist að þeyta kremið of mikið. Hægið á hrærivélinni og bætið vanilluextrakt út í. Notið kremið strax.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.




Úrval einstakra málverka og listmuna eftir íslenska listamenn Skipholt 50a | Sími 581 4020 | www.gallerilist.is

# FRÁBÆRT Í BÚSTAÐINN

## Á VERÖNDINA



BORÐ
15.900

STÓLL
8.900

POLITRATTAN BORÐ
52.900



STÓLL
13.900

POLITRATTAN
ÞOLIR -15 GRÁÐUR

25.900
STÓLL



SÓFI 34.900

BORÐ OG STÓLAR
MOSAÍK



STÓLL
9.900

BORÐ VERÐ FRÁ 14.900



3 FYRIR 2
AF PÚÐUM

ÁÐUR 79.900
69.900
BJALLA



Möguleiki á að hafa tunguna hægra
eða vinstra megin

MIKIÐ ÚRVAL AF
KÖNNUM OG STELLUM



the PIER

BREIDD 195 CM - TUNGA 150 CM

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880




Birgitta og Örvar á leiðinni inn í Félagsheimilið í Súðavík í blíðskaparveðri, 11. ágúst 2007.

# Missti giftingarhringinn í sjóinn á sjálfa brúðkaupsnóttina

Leikkonan Birgitta Birgisdóttir var aðeins níu ára þegar hún sagðist ætla að gifta sig í sömu kirkju og foreldrar hennar, sem giftu sig í Súðavíkurkirkju. Tuttugu árum síðar stóð hún við það heit er hún giftist Örvari Smárasyni.

Birgitta og tónlistarmaðurinn og ljóðskáldið Örvar Smárason giftu sig í Súðavíkurkirkju 11. ágúst 2007. „Þegar ég var níu ára var ég á ferðalagi um Vestfirðina með mömmu og pabba og við fórum að skoða kirkjuna sem þau giftu sig í og ég hugsaði: „Ég ætla að gifta mig hérna," segir Birgitta Birgisdóttir um ástæður þess að hún giftist í Súðavík. Þó um saklausan æskudraum hafi verið að ræða á sínum tíma þá gekk hann samt eftir. „Það var heldur ekki erfitt að fá Örvar til að gifta sig í Súðavík enda eigum við bæði ættir að rekja þangað."

### Heimilislegt brúðkaup

Brúðkaupið og allt í tengslum við það var mjög heimilislegt en gestir þurftu að leggja á sig töluvert ferðalag og fljúga eða keyra vestur. Vinkonur Birgittu sáu að mestu um að skreyta kirkjuna og félagsheimilið þar sem veislan fór fram. Á endanum voru það þó ekki þær einar sem skreyttu því flestallir sem mættu enduðu á því að flétta blómakransa og skreyta kirkjuna. „Þegar við komum svo í kirkjuna og ég sneri mér við og leit yfir salinn frá altarinu þá gat ég ekki annað en grátið; kirkjan var þakin allavega löguðum blómakrönsum og blómum."

### Týndur hringur

Veislan var svo haldin í Félagsheimili Súðavíkur þar sem dansað var fram á rauða nótt en margir af vinum brúðhjónanna léku fyrir dansi, enda mikið um hæfileikafólk í kringum



Einhver stakk upp á því að kalla staðinn þar sem hringurinn týndist Örvarsbaug. MYND/PJETUR

þau. „Vinur okkar, Númi Þorkell Thomasson, kokkur á Snapsi, var yfirkokkur veislunnar og margir veislugestir hjálpuðu til við að skera og undirbúa matinn með honum daginn fyrir brúðkaupið." Þannig lögðust allir á eitt, bæði við skreytingar og matargerð.

„Þegar líða tók á brúðkaupsnóttina ákváðu nokkrir að skella sér í sjósund, þar á meðal Örvar." Í köldum sjónum í Súðavík tapaði Örvar hringnum sem Birgitta hafði dregið á fingur hans nokkrum klukkutímum áður. Upphófst þá mikil leit þar sem kafað var eftir hringnum. „Hringurinn fannst auðvitað ekki og ég var alveg miður mín, en í dag þykir mér bara vænt um þennan atburð. Þykir vænt um að vita af hringnum á þessum stað sem á sér sögu í fjölskyldunni." Einhver kom með þá uppástungu að kalla staðinn þar sem hringurinn týndist Örvarsbaug sem Birgittu fannst einstaklega falleg og rómantísk hugmynd. „Eiginlega langar mig ekkert að hringurinn finnist lengur þó mér hafi vissulega brugðið í fyrstu."

### Vildu engar gjafir

Birgitta segir þau hjónin hafa stílað inn á að brúðkaupsgjöfin frá gestum væri sú að þeir mættu í brúðkaupið, enda töluverður kostnaður fólginn í því að fljúga eða keyra vestur á firði ásamt því að kaupa gistingu. Þau sluppu samt ekki við það að fá gjafir og segir Birgitta að sú sem sé henni hvað kærust sé rúmteppi sem tengdamóðir hennar saumaði. „Það er saumað saman úr alls konar bútum; koddaverum, blúndum og dúkum sem eiga sér jafnvel sögu í fjölskyldunni. Það er til dæmis koddaver með upphafsstöfum Örvars, saumað af ömmu hans í þessu teppi."

### Gjöfult hjónaband

Rúmu ári eftir giftinguna í Súðavík eignuðust þau Birgitta og Örvar dótturina Öldu og er Birgitta nú ófrísk að öðru barni þeirra. „Það er svona það sem á hug minn allan þessa dagana, að bíða eftir barni," segir Birgitta en það mun vera von á stúlku í maí. „Hjá Örvari er svo nóg að gera en hann er að klára BA-gráðu í kvikmyndafræði og að gefa út sína sjöttu plötu með hljómsveitinni Múm." Sumarið verður því fullt af bleyjum og barnadraumum hjá þeim hjónum og ekki ólíklegt að þeim muni bregða fyrir á gangi með nýfædda stúlku í barnavagni í miðborg Reykjavíkur.

*- vg*



# *Kæru brúðhjón, kynnið ykkur úrvalið af...*



*Matarstellum*



*Hnífapörum*



*Glösum*

*meira á bordfyrirtvo.net*

BORÐ FYRIR TVO

LAUGAVEGUR 95

# Hressari liti í vendina

Allra augu hvíla á brúðinni á stóra daginn og þá skiptir brúðarvöndurinn miklu máli. Leitað var til þriggja blómaskreyta og þeir beðnir um að setja saman brúðarvendi og leggja línurnar. Að þeirra mati mætti meiri litagleði einkenna íslenska brúðarvendi.





## Brynhildur Helgadóttir

**Blómabúðin Burkni**

„Við val á brúðarvendi ber að hafa í huga hverju brúðurin klæðist, litaraft hennar og karakter. Einnig þarf brúðarvöndurinn að passa inn í heildarmyndina. Margir kjósa einfaldleika en aðrir vilja íburð. Í heildina er fólk óhrætt við að velja liti og þar fer guli liturinn fremstur í flokki. Nellikur koma sterkar inn í ár. Þær eru til í öllum regnbogans litum og gaman að blanda þeim saman við rósir. Vinsælustu vendirnir verða þó áfram einfaldir rósavendir, einlitir eða marglitir.“



## Sigurrós Hymer

**18 rauðar rósir**

„Mín reynsla er sú að íslenskar brúðir sækja svolítið í þetta hefðbundna. Rósirnar halda vinsældum sínum og kúluvöndurinn einnig. Hvítu og rauðu litirnir eru yfirleitt yfirgnæfandi í brúðarvöndum en það má alltaf breyta til.“







## Ragnhildur Fjeldsted

**Dans á rósum**

„Ég legg alltaf áherslu á að nota þau blóm sem eru ferskust og fást á þeim tíma sem brúðkaupið er. Rósir eru ræktaðar allan ársins hring hér heima en hægt er að panta allt mögulegt frá Hollandi með góðum fyrirvara. Bóndarósir fást til dæmis einungis í 6-8 vikur á ári. Litirnir sem hafa verið ráðandi tengjast mikið þessum fölu litum í tískunni en núna þegar tískan er svo litrík fyrir sumarið er um að gera að þora að fara í sterka litatóna. Það er allt hægt og bara spurning um að hver og ein brúður láti sinn stíl skína í gegn.“



# Fullkomnaðu brúðkaupsdaginn

Áralöng reynsla af brúðargreiðslum.



PIPAR\TBWA • SÍA • 131024



LABELLA

HÁRSNYRTI & FÖRÐUNARSTOFA

Furugerði 3 / 108 Reykjavík / www.labella.is / labella@labella.is / Sími: **517 3322**

# Konunglegt sumarbrúðkaup í Svíþjóð

Mikill spenningur er í Svíþjóð fyrir væntanlegu brúðkaupi Madeleine Svíaprinsessu og Chris O'Neill þann 8. júní. Brúðkaupið fer fram í Slottskyrkjan. Gestalistinn verður birtur 1. apríl og má líklegt telja að íslensku forsetahjónin verði á honum.

Alltaf er tilhlökkun þegar konunglegt brúðkaup er haldið en nú bíður skandinavíska pressan eftir að vita hvernig brúðarkjóll prinsessunnar muni líta út. Fréttir hafa birst um ferð Madeleine til Parísar þar sem hún hefur skoðað og mátað draumakjólana. Með henni í ferðinni var æskuvinkonan, Louise Gottlieb.

Madeleine prinsessa er þrítug en hún tilkynnti trúlofun sína og hins bandaríska Chris O'Neill á síðasta ári. Brúðkaupið fer fram í Slottskyrkjan í Stokkhólmi en kirkjan stendur við konungshöllina. Madeleine eða Madde, eins og hún er kölluð, er þekkt fyrir að vera smekkleg og er ávallt klædd samkvæmt nýjustu tísku. Hún hefur áhuga á dýrum tískumerkjum og eftir henni er tekið á ýmsum viðburðum sökum klæðaburðar. Flestir eru á því að Madde muni velja brúðarkjól sem hannaður hefur verið af fremstu tískuhönnuðum og hafa bæði Vera Wang og Elie Saab verið nefndar. „Kannski kemur hún öllum á óvart og velur sænskan hönnuð," er haft eftir sænskum sérfræðingi í konunglegri tísku. Hann segir að Madde hafi þó ávallt klæðst dýrum og glæsilegum kjólum á Nóbelshátíðum.

Undirbúningur brúðkaupsins er kominn á fullt innan hallarinnar en mikið verður um dýrðir í Stokkhólmi þann 8. júní. Vitað er að parið hitti söngvarann Peter Jöback fyrir stuttu og er það talið tengjast veislunni. Gestalistinn verður sendur út hinn 1. apríl.

Systir Madde, Viktoría krónprinsessa, fékk sænska hönnuðinn Pär Engsheden til að hanna sinn brúðarkjól. Þar sem Madde hefur búið lengi í New York er ekki talið líklegt að hún feti í fótspor systur sinnar í þessum efnum. Jafnvel er talið að hin bandaríska og vellauðuga tengdamóðir, Eva Maria O'Neill, skipti sér af kjólavalinu. Madde er glæsileg kona og enginn vafi leikur á því að hún muni bera brúðarkjólinn og slörið vel. Horft er til Kate Middleton og Stéphanie af Lúxemborg þegar menn velta fyrir sér konunglegum brúðarkjólum.

Það var Madde sem valdi brúðardaginn og eftir því sem talsmaður hallarinnar segir er mikil tilhlökkun í loftinu. Prinsessan vildi hafa sumarbrúðkaup. Almenningi gefst tækifæri til að fylgjast með brúðkaupinu sem verður á laugardegi þegar flestir eru í fríi. Erkibiskupinn Anders Wejryd mun gefa parið saman. Brúðkaupið verður ekki jafn stórt í sniðum og þegar krónprinsessan gekk í það heilaga og konungurinn hefur sagt að kostnaðurinn verði ekki lagður á almenning. Talsmaður hallarinnar segir að konungbornir gestir verði að sjálfsögðu meðal þeirra sem fagna brúðhjónunum, þó frekar prinsar og prinsessur en kóngar og drottningar.

Það er mikið um að vera hjá sænsku konungsfjölskyldunni þetta árið því Karl Gustav heldur að auki upp á það í september að fjörutíu ár eru síðan hann tók við krúnunni. *- ea*



Sænska prinsessan þykir ákaflega fögur og eru margir farnir að velta fyrir sér brúðarkjólnum sem hún mun klæðast. Madeleine og Chris ganga í hjónaband þann 8. júní og verður þá mikið um dýrðir.

# Paradísareyjan Viðey

Viðey er paradísareyja og draumastaður elskenda á brúðkaupsdaginn.

KYNNING – AUGLÝSING



„Til Viðeyjar streyma brúðhjón frá öllum heimshornum til að gefast hvort öðru í einstakri náttúrufegurð og friðsæld eyjunnar, enda magnað að geta haldið brúðkaup á einkaeyju við litskrúðugt sólarlag sem merlar í sænum en líka undir dansi norðurljósa þegar eyjan skartar sínu fegursta vetrarskarti," segir Friðgeir Ingi Eiríksson, yfirkokkur á Hótel Holti, en Gallery Restaurant sér um veisluhald í Viðeyjarstofu árið um kring á einni rómantískustu eyju lýðveldisins.

Á efri hæð Viðeyjarstofu rúmast allt að 150 manns og er möguleiki að hafa minni borð á neðri hæðinni.

Viðeyjarkirkja er næstelsta kirkja landsins, allar innréttingar upprunalegar og rómantík í loftinu. Elding sér um að ferja gesti milli lands og eyjar en siglt er bæði frá Skarfabakka og Ægisgarði. Sum brúðhjón velja að byrja á fordrykk í bátnum og láta jafnvel gefa sig saman um borð, á leiðinni til Viðeyjar.

„Brúðkaupsdagurinn er einn af merkisdögum lífsins og við leggjum metnað í að brúðhjónin og gestir þeirra njóti hans til fulls. Þá mætum við öllum óskum í mat og drykk, finnum út hver er uppáhaldsmatur brúðhjónanna og færum í sparibúning sem smárétti á milli rétta til að gefa brúðkaupsveislunni enn persónulegra bragð," segir Friðgeir.

„Viðey er umlukin rómantík og afslappaðri stemningu. Salurinn í Viðeyjarstofu er bæði konunglegur og kósí, og margir vilja njóta töfra eyjunnar utanhúss, ganga að Friðarsúlunni eða í fagra laut til að upplifa sem mest af eyjunni," segir Friðgeir.

Upplýsingar um lausa daga til sumarbrúðkaups í Viðey fást í síma 533-5055 eða á netfanginu videyjarstofa@holt.is. Sjá nánar á www.videyjarstofa.is



## *Brúðarhjónum sópað út*

Brúðhjónin Jófríður María Guðlaugsdóttir og Jóhannes Karl Guðjónsson giftu sig í Akraneskirkju á fögrum sumardegi þann 10. júní árið 2006. Athöfnin fór fram í Akraneskirkju en Jóhannes hafði beðið Jófríðar tveimur árum áður á Hótel Borg í Reykjavík. Eftir athöfnina fóru hjónin í myndatöku við ýmsa fallega staði í nágrenninu en hún gekk ekki áfallalaust fyrir sig að sögn Jófríðar. „Brúðguminn þurfti að hóa nokkrum gangandi vegfarendum saman til að hjálpa sér að ýta brúðarbílnum í gang sem var gamall Benz, árgerð 1936. Þá fór veskið sem ég var með í myndatökunni í bílferð til Keflavíkur á toppi bifreiðar, sem var á Langasandinum, eftir að ég lagði það frá mér." Brúðkaupsveislan var haldin í sal Fjölbrautaskóla Vesturlands þar sem hljómsveitin Í svörtum fötum lék fyrir dansi og segist Jófríður ekki muna eftir öðru eins stuði. „Allar skyrtur karlmanna í salnum enduðu tölulausar og rifnar, hvort sem menn voru 20 eða 80 ára. Öll bindi í húsinu voru bundin um höfuð þeirra og brúðarkjóll brúðarinnar endaði rauðvínsbleikur. Brúðhjónin voru sko ekki á þeim buxunum að fara fyrr heim úr þessu stuði og var þeim sópað út af hljómsveitinni og hljómsveitarmeðlimir héldu á brúðinni berfættri út í bíl." Brúðkaupsnóttinni eyddu þau á Hótel Nordica og héldu viku síðar til New York og Miami í átta daga brúðkaupsferð. „Tæpum sjö árum síðar erum við enn í skýjunum með daginn okkar. Hann var fullur af hlátri, gleði og hamingju og við hefðum ekki gert neitt öðruvísi."

Þú finnur frábært úrval af Kiwi innleggjum og stuðningspúðum fyrir allar tegundir af skóm.



KIWI

fær fæturna til að brosa















Kiwi skóáburður og rakavörn eru ómissandi fyrir góða umhirðu skófatnaðar og lengir endingatíma þeirra svo um munar.

KIWI

...alveg skínandi

## LEYNIST DRAUMAKJÓLLINN Á NETINU?



**Síðustu árin** hefur það færst í vöxt að konur kaupi brúðarkjóla á netinu og hafa þó nokkrar íslenskar brúðir gert góð brúðarkjólakaup á eBay. Þar fást kjólar af öllum stærðum og gerðum, notaðir sem nýir, og kosta þeir ódýrustu í kringum tuttugu dollara eða 2.500 íslenskar krónur. Algengt verð er þó 150 dollarar eða tæplega tuttugu þúsund krónur. Ofan á það bætist sendingargjald, tollar og virðisaukaskattur en á heimasíðu tollstjóra, www.tollur.is, er að finna reiknivél þar sem hægt er að reikna út heildarkostnað.

Þótt gjöldin séu einhver er engu að síður hæglega hægt að fá fallegan kjól á innan við þrjátíu þúsund krónur, sem er mun ódýrara en að kaupa, leigja eða sérsauma hér heima. Hins vegar er erfitt að vita nákvæmlega hvort kjóllinn passar. Þá er gott að kunna eitthvað fyrir sér í saumaskap eða þekkja einhvern laghentan svo hægt sé að vinda sér í að stytta, síkka, víkka eða þrengja gerist þess þörf.

Á íslensku síðunni brudkaup.is er einnig töluvert um að brúðarkjólar séu boðnir til sölu sem og skór og aðrir fylgihlutir. Það er því ekki úr vegi að líta þangað inn í leit að rétta kjólnum.

## Í MÖRG HORN AÐ LÍTA

**Að æði** mörgu er að hyggja fyrir brúðkaupið. Hér er listi yfir nokkur atriði sem gott væri að huga að núna ef brúðkaup er fyrirhugað í sumar.

- Ákveða kirkju og panta tíma (eða panta prest og ákveða aðra staðsetningu).
- Panta veislusal/tjald fyrir veisluna.
- Skipuleggja gistingu á brúðkaupsnóttina.
- Panta tíma á hárgreiðslustofu og snyrtistofu.
- Finna ljósmyndara.
- Ákveða veitingar.
- Búa til óskalista yfir gjafir.
- Búa til gestalista.
- Skoða brúðarkjóla eða ákveða fatnað.
- Ákveða hvort fara eigi í brúðkaupsferð og þá hvert.
- Velja veislustjóra.
- Velja svaramann.
- Þeir sem vilja gera kaupmála þurfa að ræða tímanlega við lögfræðing.
- Panta boðskort og senda út tveimur til þremur mánuðum fyrir brúðkaupsdaginn.
- Velja brúðartertu.
- Velja giftingarhringa.




**Fujifilm Instax mini 8**

Í veisluna!




Verð kr. 15.900.-

LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31 – ljosmyndavorur.is


# Inn kirkjugólfið

*Á brúðkaupsdaginn skartar brúðurin sínu fegursta. Hárið er fullkomið, förðunin náttúruleg og björt en aðalmálið er þó kjóllinn.*

Þegar brúðurin gengur inn kirkjugólfið, eða eftir malarstígnum, allt eftir smekk, ættu brúðkaupsgestir að taka andköf af aðdáun. Flestar brúðir kjósa að leigja sér kjóla, sumar fjárfesta í slíkum en aðrar láta sauma á sig. Þá er gott að hafa fallegar fyrirmyndir en slíkar var sannarlega hægt að finna á tískusýningu Marchesa í október síðastliðnum þegar sýnd var brúðarkjólalínan fyrir sumarið 2013.



Fyrirsætur sýna kjóla úr brúðarkjólalínu Marchesa fyrir sumarið 2013. Hvíti liturinn er að venju undirstaðan en kjólarnir eru að öðru leyti æði ólíkir; stuttir, síðir, með ermar eða ermalausir. Blúndum og siffoni er skemmtilega fléttað inn í línuna. NORDICPHOTOS/GETTY







Fjölbreytt efnisval

Færri flettingar

Áberandi auglýsingar, réttar staðsetningar

Ferskar fréttir

Myndrænt og notendavænt viðmót

Skemmtiefni og afþreying



# Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




## BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

FÍTON / SÍA

HARPA
Húsið þitt



Útsýni innifalið

Björtuloft eru glæsileg og óvenjuleg umgjörð fyrir hvers konar mannamót, staðsett á efstu hæðum Hörpu — með stórbrotnu útsýni til allra átta.

**Bókaðu nú þegar.**
Sendu fyrirspurn á radstefnur@harpa.is eða hringdu í síma 528 5060.
**www.harpa.is**



Unaðslegir jarðarberjahattar með geitaosti og graslauk.

# Snætt með guðsgöfflunum

Snittur og fingrafæði er sívinsælt í brúðkaupsveislum og á einkar vel við í sumarbrúðkaupum. Auðvelt er að útbúa slíkan veislukost heima og útfærslurnar eru óþrjótandi, eftir smekk og lyst hvers og eins. Hér er að finna fáeinar hugmyndir að ljúffengu veislusnarli fyrir stóra daginn.



Nautakjöt, velt upp úr sojasósu og sesamfræjum, grillað á teini.



Freistandi kokkteilpylsur í smjördeigsrúllum pensluðum með eggi og sesamfræjum ofan á.



Kjúklingabitar, vafðir inn í bakaða, skinnlausa papriku með kapers.



Lostæt gæsalifrarkæfa á hringskornu brauði með döðlum og ávaxtamauki.



Grilluð satay-kjúklingaspjót með bragðmikilli hnetusósu.



Nautasteik, medium rare, á grófu, ristuðu snittubrauði með sýrðum rjóma og rósmaríni.




Fissler

Fissler. Perfect every time.



★★★★★

**luno**

Creative. Versatile. Inspiring.



★★★★★

**original-profi collection**

High-quality. Versatile. Impeccable.

ÚTSÖLUSTAÐIR:

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Tékk Kristall
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Líf & List
SMÁRALIND

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500
Umboðsmenn um land allt

## AFMÆLIN SÍFELLT TILKOMUMEIRI

Brúðkaupsafmæli eru kennd við ýmsa nytjahluti, eðalmálma og -steina. Hlutirnir verða tilkomumeiri eftir því sem árin líða. Eftir eins árs hjónaband er haldið upp á pappírsbrúðkaup, eftir 25 ár silfurbrúðkaup, eftir 60 ár demantsbrúðkaup og eftir 75 ár gimsteinabrúðkaup.

Hér fer listi yfir brúðkaupsafmæli en hann er að finna á vefsíðunni www.brudkaup.is.





- **1 árs:** Pappírsbrúðkaup
- **2 ára:** Bómullarbrúðkaup
- **3 ára:** Leðurbrúðkaup
- **4 ára:** Blóma- og ávaxtabrúðkaup
- **5 ára:** Trébrúðkaup
- **6 ára:** Sykurbrúðkaup
- **7 ára:** Ullarbrúðkaup
- **8 ára:** Bronsbrúðkaup
- **9 ára:** Leirbrúðkaup/pílubrúðkaup
- **10 ára:** Tinbrúðkaup
- **11 ára:** Stálbrúðkaup
- **12 ára:** Silkibrúðkaup
- **12½ ára:** Koparbrúðkaup
- **13 ára:** Knipplingabrúðkaup
- **14 ára:** Fílabeinsbrúðkaup
- **15 ára:** Kristalsbrúðkaup
- **20 ára:** Postulínsbrúðkaup
- **25 ára:** Silfurbrúðkaup
- **30 ára:** Perlubrúðkaup
- **35 ára:** Kóralbrúðkaup
- **40 ára:** Rúbínbrúðkaup
- **45 ára:** Safírbrúðkaup
- **50 ára:** Gullbrúðkaup
- **55 ára:** Smaragðsbrúðkaup
- **60 ára:** Demantsbrúðkaup
- **65 ára:** Krón-demantsbrúðkaup
- **70 ára:** Platínubrúðkaup/járnbrúðkaup
- **75 ára:** Gimsteinabrúðkaup/atómbrúðkaup

# Greiðslan tekur mið af kjólnum

**Arnar Tómasson, hárgreiðslumeistari hjá Salon Reykjavík, segir að það skipti máli fyrir verðandi brúðir að skipuleggja sig vel og tímanlega. Hárgreiðslan verður aldrei gerð korteri fyrir brúðkaup.**

Arnar hefur mikinn áhuga á öllu er viðkemur hártísku og fylgist vel með því nýjasta. Þar fyrir utan er hann duglegur að sækja sér endurmenntun úti í heimi. Hann hefur farið til Parísar og London í vetur í þeim erindagjörðum. Arnar er því með allt á hreinu þegar kemur að brúðkaupum.



Arnar Tómasson hárgreiðslumaður er sérfræðingur í öllu því sem snýr að tískugreiðslum.

„Best er að leita til þess fagmanns sem brúðurin treystir og þekkir," segir Arnar. „Undirbúningurinn þarf að hefjast hálfu ári fyrir stóra daginn. Hárlitun ætti að fara fram minnst viku eða tíu dögum fyrir brúðkaupið og einnig er gott að fara í djúpnæringu í nokkur skipti þannig að hárið sé glansandi fallegt á þessum mikilvæga degi," segir Arnar enn fremur.

„Hárgreiðslu þarf að velja í samræmi við kjólinn. Kjóllinn kemur fyrst," segir Arnar. „Hálsmálið á kjólnum skiptir miklu máli og sömuleiðis hvernig hann er í bakið. Höfuðskraut eða slör getur einnig haft áhrif á greiðsluna. Uppsett hár er mjög vinsælt um þessar mundir en margar brúðir vilja þó hafa hárið slegið. Aðrar óska eftir hárlengingu eða þykkingu. Og enn aðrar eru með krullað hár en vilja fá það sléttað með sérstakri sléttumeðferð (keratin-meðferð). Óskirnar eru margvíslegar," segir Arnar sem segist oft nota rósablöð eða villt blóm úr náttúrunni til að skreyta greiðsluna.

„Andlitsfall og hæð konunnar getur líka skipt máli og jafnvel hæð brúðgumans. Mikið uppsett hár hækkar konuna og getur þar af leiðandi gert hana hærri en brúðgumann. Mjög mikilvægt er að vanda vel til greiðslunnar því hún þarf að halda sér í að minnsta kosti tólf klukkustundir, jafnvel lengur. Það þarf því að nota réttu efnin og þá skiptir fagmaðurinn miklu máli.

Stundum getur prufugreiðsla verið nauðsynleg en ekki alltaf. Ef brúðurin leitar til fagmanns sem hún hefur verið lengi hjá og þekkir hárið þarf sennilega enga prufugreiðslu," segir Arnar.

Hann bendir á að nýir tískustraumar séu í brúðarkjólum um þessar mundir. „Vera Wang, drottning brúðarkjólanna, hefur nýjustu kjólana í litum og bendir á að nú sé í tísku að vera til dæmis í appelsínulitum kjól eða dimmrauðum. Þetta eru rosalega flottir kjólar. Hver segir að brúðarkjóllinn þurfi endilega að vera hvítur?

Hárgreiðslan er sótt í vinsæla sjónvarpsþætti eins og Downton Abbey en mjög fallegt er að taka hárið upp í greiðslu aftan á hnakkanum. Sjónvarpsþættir hafa alltaf mikil áhrif á tískuna," útskýrir Arnar. „Við horfum mikið á bandarískar bíómyndir og þær hafa áhrif á klippingar og greiðslur."

Arnar segir að sumarið sé vinsælast til brúðkaupa en þau séu þó haldin árið um kring. Vegna þess að margir hárgreiðslumeistarar eru í fríi á sumrin þarf að panta greiðsluna með góðum fyrirvara. „Ég hef fengið beiðni deginum fyrir brúðkaupið en þá hefur verið um skyndibrúðkaup að ræða. Einnig hefur mjög færst í vöxt að útlendingar komi til Íslands til að gifta sig og þá koma oft pantanir frá ferðaskrifstofum, gegnum netið eða frá hótelum um greiðslu og klippingu. Síðasta sumar var mikið að gera í brúðargreiðslum fyrir útlendinga," segir Arnar og bendir á að brúðhjón ættu að persónugera þennan dag og leyfa hugmyndafluginu að ráða. „Ég sá til dæmis mynd af giftingarhringum þar sem fingrafar var grafið í þá í stað leturs. Það var mjög smart," segir hann.

*- ea*



Falleg brúðargreiðsla sem er vinsæl um þessar mundir.



Vera Wang brúðarkjólar fyrir sumarið 2013.



# Ótrúlegt úrval af sparifatnaði

## fyrir konur á öllum aldri.

**Stærðir 36–52**



Við ermalausa kjóla eigum við frábært úrval af kjólajökkum, léttum peysum og fallegum sjölum. Einnig eru gegnsæir bolir vinsæl lausn undir kjóla.



Spariskór í úrvali sem aldrei fyrr. Bjartir litir, vandaðir og þægilegir! Stærðir 36–42.

## *Brúðkaupsleikur*

**Hefur þú fengið þér fallegt dress hjá okkur til að klæðast í brúðkaupsveislu?**

**Taktu þá þátt í brúðkaupsleik okkar og þú gætir unnið 50.000.- króna inneign!**

Þetta er einfalt og skemmtilegt. Þú sendir okkur mynd af þér í fatnaðinum á netfangið okkar hrafnhildur@hrafnhildur.is og við birtum myndina á facebook síðu okkar.

Vinsælasta myndin, sú sem fær flest „like", vinnur svo þessa flottu inneign og getur eigandi myndarinnar valið sér fallegan fatnað hjá Hrafnhildi fyrir 50.000.- krónur.

Varstu brúður, móðir eða tengdamóðir brúðarinnar, vinkona eða frænka?

Verður brúðkaupið í sumar eða var það á liðnum árum?

**Taktu þátt og þú gætir unnið!**

**Leikurinn stendur til 31. ágúst 2013**

hjá Hrafnhildi



hjá Hrafnhildi

- **Engjateigur 5**
- **Sími 581 2141**
- **www.hjahrafnhildi.is**

**Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16**

Brauðristar-
gæðaeftirlit



» Framleiðendur bresku Rowlett brauðristanna hafa aldrei verið sammála því að brauðristar eigi að vera ódýrar, ónákvæmar og ónýtar alltof snemma. Þær hafa verið handsmíðaðar í tæp 70 ár og hvert einasta tæki er prófað áður en það fer úr húsi. Það hlýtur að vera öfundsvert starf að sjá um gæðaeftirlitið með öllu þessu ristaða brauði.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | opið mán.-fös. 11-17, lau. 11-17 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Fleiri og fleiri kjósa að giftast á Íslandi

**Mikil aukning hefur orðið hér á landi í giftingum útlendinga á undanförnum árum. Fólk kemur gagngert hingað til að ganga í hjónaband.**



Á hverjum degi koma um þúsund ferðamenn í Hallgrímskirkju. Þar vilja margir útlendingar gifta sig. MYND/GVA

Giftingar útlendinga eru stór þáttur í starfi sýslumannsins í Reykjavík. „Á síðasta ári komu 110 pör til okkar og langflest voru gefin saman hér á skrifstofunni. Við höfum einnig gefið út vottorð fyrir þá sem gifta sig úti á landi. Það er alltaf gifting hér á föstudögum þegar líða fer á vorið og langt fram eftir árinu. Þetta er orðinn viðamikill þáttur hjá fjölskyldudeildinni en þessu fylgir töluverð vinna, eins og að kalla eftir pappírum og útbúa vottorð,“ segir Guðmundur Sophusson sýslumaður. Hann segist finna fyrir þessum aukna áhuga útlendinga á Íslandi og sérstaklega hafi verið mikið að gera þegar upp koma sérstakir almanaksdagar. „Ef dagsetningin og ártalið passa saman þá eru margir sem vilja nota slíka daga, það er sama hvort það eru útlendingar eða Íslendingar,“ segir hann.

Guðmundur segir að stundum komi fólk í heimsókn á skrifstofuna yfir vetrartímann sem sé að undirbúa giftingu um sumarið. „Það var par sem kom til okkar um daginn og skilaði inn gögnum en athöfnin verður síðan í sumar. Fólk kemur frá öllum heimshlutum, mikið frá Bandaríkjunum og Kanada en líka frá Japan eða öðrum Asíulöndum. Okkur finnst gaman að taka á móti þessu fólki en einnig fáum við margar fyrirspurnir að utan um brúðkaup á Íslandi.“

## Hallgrímskirkja vinsæl

Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, finnur vel fyrir auknum áhuga ferðamanna á að gifta sig á Íslandi. Hallgrímskirkja er vinsæl, enda koma þúsundir ferðamanna í hana daglega. „Það hefur alltaf verið töluvert um giftingar útlendinga hjá okkur. Ég starfaði sem prestur í Svíþjóð og Noregi og þar sem skandinavískan er mér töm þá er alltaf þó nokkuð um brúðkaup Norðmanna, Svía, Dana og Finna hér í kirkjunni. Einstaka hafa verið frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Það er nokkuð stór hópur fólks sem kýs að gifta sig hér á landi. Tvisvar sinnum í fyrra var haft samband við mig frá útlöndum. Það var fólk sem hafði komið hingað á ráðstefnur og heimsótt kirkjuna sem ferðamenn. Þessir aðilar fundu fyrir sérstakri upplifun og sögðu við sjálfa sig: „Vá, hérna ætla ég að gifta mig þegar þar að kemur.“ Síðan er hringt og þá er viðkomandi búinn að finna makann og ætlar að láta drauminn rætast. Ferðamannastraumur hingað í kirkjuna hefur aukist mikið undanfarin þrjú ár og nú fer maður ekki fram hjá henni öðruvísi en að sjá ferðamann með myndvél.“

## Endurnýja heitin

Jón Dalbú segir að alltaf annað slagið komi hjón í kirkjuna sem vilji endurnýja hjúskaparheitin. „Það er voðalega fallegt,“ segir hann.

„Ég og maðurinn minn ákváðum að endurnýja hjúskaparheitið á fimm til tíu ára fresti og velja þá einhvern sérstakan stað til þess,“ bloggar kona frá Englandi. „Ein af hugmyndunum sem skýtur oft upp kollinum er Ísland. Síðan sá ég gríðarlega fallegar myndir af litlu brúðkaupi á Íslandi og sá þá að landið var ekki bara ákjósanlegt til að endurnýja heitið heldur yndislegur staður fyrir aðra til að gifta sig,“ segir konan og gefur upplýsingar varðandi ýmsa þætti um giftingu á Íslandi.

Hjá Biskupsstofu fékk blaðið þær upplýsingar að ekki væru til tölur um fjölda erlenda ríkisborgara sem ganga í hjónaband í kirkjum landsins. *- ea*

## ÞURFA AÐ BORGA FYRIR AÐ MÁTA

**Tískuhönnuðurinn Vera** Wang er hvað þekktust fyrir íburðarmikla brúðarkjóla sína. Ekki eru þeir þó á allra færi enda aðeins þeir ríkustu sem geta leyft sér að ganga eftir kirkjugólfinu í skósíðum draumi frá Veru. Þar má til dæmis nefna þær Victoriu Beckham og Katie Holmes.

Sumar konur hafa þá brugðið á það ráð að fá að máta draumakjólinn í verslunum til að njóta smá upplifunar. Í Sjanghaí hefur hins vegar verið tekið fyrir þetta athæfi. Þar rukkar verslun Veru Wang nú sérstakt gjald fyrir að máta brúðarkjóla. Viðskiptavinir þurfa að borga 317 pund eða um sextíu þúsund krónur fyrir níutíu mínútna mátunartíma. Ef kjóll er keyptur rennur upphæðin upp í verðið á kjólnum.

Ástæðan sem gefin er fyrir þessu uppátæki er að verið sé að vernda höfundarrétt hönnuðarins en æði algengt er að verksmiðjur búi til ódýrar eftirlíkingar af kjólum Wang. Þá er ekki leyfilegt að taka myndir í versluninni.





> Línan sló fyrst í gegn í Bandaríkjunum og er á hraðri leið með að verða fyrsta val þeirra sem nota brúnkukrem.

# Geislandi með Xen-Tan

**Xen-Tan brúnkulínan hefur slegið í gegn um allan heim en með þeim geta allir skartað gylltum húðlit árið um kring. Xen-Tan er einstaklega auðvelt í notkun og ilmar dásamlega. Það smýgur hratt inn í húðina og gefur jafnan og fallegan ólífutóna húðlit. Vörurnar eru tilvaldar fyrir fólk sem vill skarta sínu fegursta á brúðkaupsdaginn.**

Kremin innihalda meira af efninu DHA, sem virkjar litafrumur húðarinnar, en hefðbundin brúnkukrem. Liturinn endist því lengur og aðlagast húðlit þess sem notar kremið betur en almennt þekkist,“ segir Brynja Dan Gunnarsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Icepharma sem flytur vörurnar inn.

Línan sló fyrst í gegn í Bandaríkjunum, breiddist þaðan út til Evrópu og er á hraðri leið með að verða fyrsta val þeirra sem nota brúnkukrem. „Stjörnur og sérfræðingar lofa línuna og hefur hún hlotið mikla umfjöllun og athygli og unnið til fjölda verðlauna,“ segir Brynja. Línan er hugarfóstur fólks sem notaði brúnkukrem en var óánægt með þurra húð, appelsínugulan litatón, vonda lykt og sóðaskap sem fylgdi notkun kremanna. Þannig hófst þróun á vörulínu sem átti að vera auðveld í notkun, ilmaði vel, nærði húðina og gæfi fallegan og hraustlegan húðlit. Þá var lögð rík áhersla á að varan væri án óæskilegra efna og er hún án parabena.

Vörurnar eru til fyrir dökka, miðlungs og ljósa húð og fást sem krem, froða og úði. Þá er mælt með því að nota Xen-tan skrúbb bæði fyrir og eftir notkun til að fá enn jafnari áferð. „Eins er mælt með að nota sérstakan Xen-tan hanska þegar vörurnar eru bornar á. Áferðin verður mun jafnari og minni hætta er á að hendurnar verði flekkóttar,“ segir Brynja. Nánari upplýsingar og notkunarleiðbeiningar er að finna á www.xen-tan.is. „Við erum að vinna kennslumyndband sem verður hægt að nálgast þar von bráðar,“ upplýsir Brynja. „Svo það er um að gera að fylgjast með.“ Vörurnar fást í Hagkaupi í Smáralind, Lyfju í Lágmúla, Lyf og heilsu í Kringlunni, á heimkaup.is og á femin.is.




Vörurnar eru til fyrir dökka, miðlungs- og ljósa húð og fást í krem-, froðu- og spreyformi.




Sjálfbrúnkukrem fyrir dökka húð. Kremið gefur húðinni góðan raka. Það er auðvelt í notkun og gefur húðinni jafnan ólífutóna lit. Inniheldur meðal annars grænt te, shea butter og aloe vera. Notist einu sinni til tvisvar í viku.



Ilmandi gullkrem sem gefur húðinni dökka, fallega og gullslegna áferð. Fullkomið við sérstök tilefni en gefur ekki varanlegan lit. Inniheldur flögur úr 24K gulli. Notist að vild. Liturinn hentar öllum.

Frábær skrúbbur sem tryggir að húðin líti vel út fyrir og eftir sjálfbrúnkumeðferð. Hann hreinsar dauðar húðfrumur sem eiga það til að gera húðlitinn ójafnan og skilur húðina eftir silkimjúka og slétta.






## MEÐAL INNIHALDSEFNA

- **Grænt te sem berst gegn sindurefnum sem geta verið skaðleg húðinni. Það spornar gegn UV-geislum sólar og hefur róandi áhrif á húðina.**
- **A-vítamín sem er mikilvægt fyrir endurnýjun, viðhald og heilsu húðarinnar.**
- **E-vítamín sem hjálpar til við að koma jafnvægi á húðina.**
- **Shea butter sem er einstaklega rakagefandi. Það er unnið úr hnetum karite-trésins. Það stuðlar að enduruppbyggingu húðfrumanna og gefur húðinni aukinn teygjanleika.**
- **Gingko biloba sem hjálpar til við að styrkja viðkvæma húð. Stuðlar að aukinni kollagen-framleiðslu og jafnar áferð húðarinnar.**

Vörurnar eru olíulausar og án rotvarnarefna (parabena).




Mælt er með því að nota sérstakan Xen-tan hanska þegar vörurnar eru bornar á. Áferðin verður mun jafnari og minni hætta er á að hendurnar verði flekkóttar.

# Gifting undir berum himni

Sífellt fleiri velja nú þann kost að gifta sig undir berum himni. Fjölmargir fallegir staðir um allt land henta vel til útibrúðkaupa. Hvort sem skógur er valinn, falleg fjara eða útivistarsvæði þá eru möguleikarnir óþrjótandi.

Gegnum aldirnar hafa hjónavígslur að nær öllu leyti farið fram í kirkjum landsins. Það færist þó sífellt meir í vöxt að verðandi brúðarhjón velji frumlegan og skemmtilegan stað fyrir hjónavígsluna utan kirkjunnar. Þeir sem eru að skipuleggja giftingu og vilja notast við óhefðbundinn giftingarstað hafa úr mörgum skemmtilegum stöðum að velja um allt land.

### Perlur á höfuðborgarsvæðinu

Ýmis útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu hafa verið nýtt til útigiftinga undanfarin ár. Þar má meðal annars nefna Grasagarðinn í Laugardal, Elliðaárdal og Heiðmörk. Klambratún og Kjarvalsstaðir hafa einnig orðið fyrir valinu og það sama má segja um Ásmundarsafn og Árbæjarsafn. Giftingar í Nauthólsvík hafa einnig færst í vöxt og þá sérstaklega eftir að ylströndin varð að veruleika. Síðan tekur bara örfáar mínútur að sigla frá Reykjavík út í Viðey og þar hafa brúðkaup verið haldin af og til í mörg ár.

Sumarbústaðir eru einnig skemmtilegir brúðkaupsstaðir. Þá er upplagt að skella upp stóru veislutjaldi í garðinum og ekki er verra ef brúðkaupsgestir geta tjaldað við bústaðinn.

Þrastaskógur, Þjórsársalur og Þórsmörk hafa einnig hýst brúðkaup ásamt öðrum náttúruperlum landsins.

### Gifting á Þjóðhátíð

Íbúar Vestmannaeyja og Suðurlands hafa nýtt Herjólfsdal til giftinga og einu sinni fór þar fram brúðkaup við setningu Þjóðhátíðar. Bjarnarey, sem er ein úteyja Vestmannaeyja, hefur einnig verið nýtt til brúðkaups. Hún verður að teljast með ævintýralegri stöðum hérlendis til giftinga enda útsýnið ægifagurt og aðkoman að eyjunni stórbrotin.

Akureyri og nágrenni bjóða upp á marga fallega staði til útibrúðkaupa. Kjarnaskógur er ekki bara vinsælt útivistarsvæði heldur er hann einnig nýttur undir brúðkaup, til dæmis við svokallaðan Kirkjustein. Lystigarðurinn á Akureyri er ekki síður fallegur staður undir brúðkaup. Norðlendingar geta einnig skroppið í Dimmuborgir í Mývatnssveit sem er mjög fallegur staður fyrir útibrúðkaup. Laxárvirkjun og Vestmannavatn eru einnig vinsælir giftingarstaðir í nágrenni Akureyrar.

Selskógur á Suðurnesjum er lítill skógur við afleggjarann til Grindavíkur. Þar er frábært útivistarsvæði sem hentar vel fyrir giftingar. Einnig má nefna svæðið við Reykjanes- og Garðskagavita sem skemmtileg svæði á Suðurnesjum auk Bláa lónsins.

Austurland býr yfir mörgum náttúruperlum og ein þeirra, Hallormsstaðaskógur, er stundum nýtt undir útibrúðkaup. *- sfj*
















Inga Elísabet Vésteinsdóttir og Orri Harðarson giftu sig þann 4. október árið 2008. Inga bar fram bónorðið yfir rjúkandi kakóbolla á Þorláksmessu. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Fékk bónorð með kakóbollanum

„Hún bar upp bónorðið yfir kakóbolla á Þorláksmessu fyrir sex árum, á kaffihúsi hér nyrðra. Ég þurfti ekki að hugsa mig um," segir Orri Harðarson tónlistarmaður, þegar hann er beðinn um að rifja upp brúðkaupsdaginn, en þau Inga Elísabet Vésteinsdóttir höfðu byrjað saman í lok sumars, það sama ár. Þau ákváðu svo að gifta sig innan árs, líka fyrir norðan, í bakgarðinum hjá foreldrum Ingu. Giftingin fór fram 4. október 2008 að ásatrúarsið.

„Við teljumst sjálfsagt seint til trúaðra og hefðum því jafnvel gift okkur hjá sýslumanni, nema hvað Hilmar Örn allsherjargoði er góður vinur minn og við erum bæði skráð í félagið. Hilmar kom norður og helgaði stað og stund og svo hétumst við hvort öðru. Sumir fara með heitin upphátt en við fórum með okkar í huganum og horfðumst í augu á meðan," rifjar Orri upp. „Þetta var hugljúf stund og falleg athöfn.

Hvorugt okkar er mikið fyrir tilstand, svo það voru bara okkar allra nánustu með okkur þennan dag. Vinir okkar, Pálmi Gunnarsson og Kristján Edelstein, fluttu fyrir okkur tvö lög úti á pallinum og svo var boðið upp á grillað lamb á eftir. Við eigum enn eftir að fara í brúðkaupsferð, en það er bara gaman að eiga hana inni."


Electrolux
EEWA-5200
Hraðsuðukanna
2400W - 1 líter.
Verð áður kr. 9.990
7.990
SPARAÐU 2.000
TOPPMÓDEL
12.990
SPARAÐU 2.000
Electrolux
ESTM-5600 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr 14.990
Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Glæsileg kaffivél sem skilar rjúkandi heitu með 1400W hraðhitaelementi, AutoOff 120 mín. og aroma bragðstilling. Flott burstað stál og auðveld í þrifum. Fékk hæstu einkunn sænsku neytendasamtakanna TestFakta.
12.990
FRÁBÆRT VERÐ
Electrolux
EKF-7000 Brauðrist
Flott brauðrist úr stáli með baklýstu stjórnborði.
Verð áður. 11.990,-
8.990
SPARAÐU 3.000
12.990
SPARAÐU 3.000
TRISTAR
RA-2992 Lúxus raclette
Raclette grill með grillstein og steikarplötu úr pottjárni. Grillið er með hitastilli með baklýstu bláu ljósi. 8 litlar pönnur fylgja.
Verð áður kr. 15.990
6.990
SPARAÐU 3.000
TRISTAR
BL-4430 Blandari
Þessi kraftmikli 500W blandari fer létt með að mylja klaka. Glerkanna, 2 hraðastillingar og burstað stál.
Verð áður kr. 9.990
TRISTAR
YB-2611 Creme Brulee brennari
4 skálar fylgja með
Verð áður kr. 5.990
4.990
SPARAÐU 1.000
4.990
SPARAÐU 1.500
TRISTAR
KW-2436 Eldhúsvog
Með stálskál, hitamæli og klukku.
Max 5 kg
Verð áður kr. 6.490
HEILSUGRILL
1.995
50% AFSLÁTTUR
10.990
SPARAÐU 3.000
DOMO
DO-9036G XL heilsugrill
Hér er ekkert bras! Tilvalið til að steikja kjöt, fisk, grilla brauð og samlokur. Fitan rennur á milli raufanna og í bakka undir grillinu. Væntanlegt 4. apríl
Verð áður kr. 14.990
DOMO
DO-302WO
Rafdrifinn tappatogari
Opnar vínflöskur á nokkrum sekúntum og skilar tappanum. Hettuskeri fylgir.
Verð áður kr 3.990
3.490
SPARAÐU 500
13.990
SPARAÐU 3.000
DOMO
B-3970 Brauðvél
Allt að 1000g brauð
12 kerfi. Hrærir, hnoðar, hefar og bakar sjálfvirkt
Framstillt ræsing möguleg
Fullt verð kr. 16.990
DOMO
DO-9090 Ferðatöskuvog
Aldrei meiri yfirvigt! Vigtaðu farangurinn áður en þú ferð í flug. Lítil fyrirferð. Vegur allt að 50 kg töskur.
Verð áður kr. 3.990
Við elskum raftæki!
RAFHA
TRISTAR
WF-2141 Belgískt vöfflujárn burstað stál
Bakar hnausþykkar vöfflur einsog þær gerast bestar. Vinsælasta vöfflujárnið okkar.
Verð áður kr. 10.990
5.990
45% AFSLÁTTUR
BELGÍSKAR
Electrolux
ERGORAPIDO ryksugan
Upplifðu þessa einstöku léttryksugu með skafti og handryksugu í einu og sama tækinu. Mótordrifinn bursti og góður sogkraftur. Ótrúlega létt og lipur í allri notkun. Verð áður kr. 24.990
22.990
SPARAÐU 2.000
180°
LATTE Á 2 MÍN
24.990
OKKAR LÆGSTA VERÐ!
Electrolux
A Modo Mio Lavzza kaffivél
Lagaðu alla uppáhalds kaffidrykkina þína s.s. kaffi latte, cappuchino, espresso eða venjulegt kaffi. Margar kaffitegundir í boði frá Lavazza. Komdu og smakkaðu og upplifðu þessa einstöku kaffivél.
LAVAZZA
Lavazza er einn virtasti kaffiframleiðandi heims. Kaffið fæst í Rafha og stærri matvöruverslunum.
KitchenAid
Mest selda hrærivélin á Íslandi í yfir 60 ár fæst á hagstæðu verði í Rafha. Útvegum alla liti og fylgihluti. Falleg matreiðslubók á íslensku fylgir með.
Einnig fyrirliggjandi hinir vinsælu Kitchenaid blandarar með glerkönnu fyrir þá allra kröfuhörðustu.
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



# Sérstök brúðkaupsgjöf

# KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!
Gildir um KitchenAid® hrærivélar.






## Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjálfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar KitchenAid® vörur

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**TILBOÐ 1.990.000.-**
LINCOLN AVIATOR LUXURY AWD.Árg.'05,ek. 155.þ km, bensín,sjálfsk.,einn eigandi,einn með öllu,er á staðnum. Verð áður 2.980.000.- Tilboð 1.990.000.- Rnr.320561.



**TILBOÐ 7.990.000.-**
LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DÍSEL.Árg.'08, ek. aðeins 23.þ km,sjálfsk.,einstakt tækifæri til að eignast lítið keyrðan dísel Range,er á staðnum.Verð áður 8.980.000.- Tilboð 7.990.000.- Rnr.103192.



**NÝR FIAT 500 LOUNGE**
FIAT 500 LOUNGE.Árg.'13,5 gírar,vel útbúnir bílar,glerþak,mp3,city stýri og margt fleira,mjög eyðslugrannur,er á staðnum,eigum einnig bláa,rauða og svarta til afhendingar strax.Verð 2.670.000.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
FIAT PANDA.Árgerð 2008,ekinn 82.þ km,5 gírar,mjög eyðslugrannur,góð smurbók,topplúga,er á staðnum. Verð aðeins 990.000.- Rnr.103279. Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 & lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



PORSCHE Cayenne s v8. Árgerð 2005, ekinn 106 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.160495.



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2008, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.990379.



KIA Ceed ed ex 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2007, ekinn 117 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.990285.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100 bílar bílasala .is



NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Ný fellihýsi, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á ótrúlegu verði aðeins 1.399.000kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



TOYOTA AVENSIS ÁRG. 2001 SJÁLFSK. EK. 215 Þ.KM., NÝSKOÐAÐUR, GÓÐ DEKK,GOTT ÚTLIT, SKIPTI Á ÓDÝRARI HUGSANLEG, VERÐ 550 Þ. S.8958956



Til sölu Bronco 79 árgerð, skoðaður ,14. Verð 350 þúsund. S. 568-1981/897-5360.

Fors Exblorer ,96, ssk, krókur, fallegur og góður, sk ,13. Verð 350 þ. S.896 8568.

**MERCEDES BENZ 508D**
Getum útvegað nokkra óryðgaða og nánast ónotaða bíla árg. 1987 á undir 2,0 millj. kr. Uppl. í síma 587-5058. Bílahlutir ehf

Subaru forester ,99. Góður og heillegur bíll til sölu. ssk 4wd keyrðu 210þús. s:8587531.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST**
**Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Óska eftir góðum station bíl á 250 - 300 þús. Upplýsingar í síma 699 6762.

Óska eftir VW multivan 2005-2009. Sjálfskiptur, diesel. 3-5 millj. S: 848 0611.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




## Hjólhýsi



Til sölu hjólhýsi, Hymer Eriba Nova 540 árg. 2008. Mjög vel með farið. Ekið 5 - 600 km. Aukabúnaður: Sólarsella 120w, grjóthlíf, rafgeymar, markisa, loftkæling og margt fl. Verður staðsett og sýnt á Stokkseyri um páska eða eftir samkomulagi. Ásett verð 3.750 þús. Upplýsingar í síma 893 3878 og 867 4238.

## Fellihýsi

Til sölu Palomino Colt 9fet, árg.'05 lítið notað. uppl: 699-8006.

## Lyftarar




**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Vantar mann á grásleppubát, fyrir norðurlandi, duglegan og með réttindi (pungapróf) S. 861 2815.

## Bílaþjónusta



Vel búnir og öflugir bílkranar og vörubílar í hvers kyns hífingarvinnu og flutninga. DS-LAUSNIR ehf 561-8373.




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00.MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98. Baleno Wagon ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98, ,99. Impreza ,97 & ,99. Legacy ,98. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**JAPANSKAR VÉLAR**
**DALSHRAUN 26, 220.**
Erum að rífa m.a. parjero ,03, outlander ,04, L-200 ,02-'07, sorento ,08, sporage ,06, picanto ,06, swift ,04-'10, vitara ,98-'05, kyron ,07, avensis ,04, xtrail ,08. Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir



**10 ÁRA GÖMUL VERÐ!**
**VIKUTILBOÐ!**
Í sýningarsali safnsins eru líka komnir fjórir frampartar af antilópum og einnig er uppsettur frampartur af mjög stórum nashyrningi sem tekið var plastmót af. Nashyrninginn skaut Páll með sérsmíðuðum riffli sem skýtur deyfipílum og var um svokallaða björgunarveiði að ræða. Nashyrningurinn er enn þá lifandi en tekin voru af honum hornin svo forða megi honum frá veiðiþjófum sem stunda ránsveiðar á nashyrningum til að vinna duft úr hornum þeirra.

Veiðisafnið verður opið alla páskana frá klukkan 11 til 18. - fb








**KATY PERRY** Átti í ástarsambandi við John Mayer í átta mánuði.

# Símanúmer á servíettu varð banabitinn

Banabiti átta mánaða langs ástarsambands tónlistarfólksins Katy Perry og Johns Mayer, sem lauk í síðustu viku, mun hafa verið símanúmer konu sem Perry fann í hanskahólfinu í bíl Mayers.

Slúðurmiðlar ytra höfðu áður leitt að því líkur að miklum önnum beggja við tónlistarsköpun og hljómleikaferðir væri um að kenna. Ónefndur heimildarmaður breska tímaritsins Grazia vill þó meina að parið hafi verið á leiðinni á hundaheimili í Los Angeles í Land Rover-bíl Mayers þegar það ákvað að taka bensín. Þá hafi Perry opnað hanskahólfið, fundið símanúmer hjá annarri konu skrifað á servíettu og eitt hafi leitt af öðru. Síðan þá hafi þau ekki talast við.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 27. MARS 2013**

### Sýningar

**18.00** Gestalistamenn SÍM opna sýninguna OB-skyr.is að Seljavegi 32.

### Upplestur

**18.00** Ragnheiður E. Árnadóttir les 50. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Kvikmyndir

**16.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Villta Kína V, Heimkynni pöndunnar í stofu 132 Öskju. Allir eru velkomnir.

### Uppákomur

**20.00** Tískusýning annars árs nema LHÍ verður haldin á efstu hæð Höfðatorgs. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans verður haldinn hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

### Tónlist

**21.00** Kristjana Stefáns, Svavar Knútur og Robert the Roommate skemmta á Café Rosenberg.

**22.00** Partíþokan heldur sitt síðasta partý á Faktory við Smiðjustíg. Á stokk stíga Jónas Sigurðsson, Prins Póló, Borko og Sin Fang. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Óli Ofur, BennSol, Mr. Cuellar og Oculus slá upp dansfögnuði á Volta. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Hljómsveitin Úlfarnir leikur á Páskadansleik á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Sálin og Ásgeir Trausti á Þjóðhátíð

25 ára gamla poppsveitin og nýstirnið bætast í hóp Stuðmanna og Retro Stefson.



**SPILA Á ÞJÓÐHÁTÍÐ** Sálin og Ásgeir Trausti verða á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina.

Sálin hans Jóns míns, sem fagnaði 25 ára afmæli sínu í troðfullri Vodafonehöll um síðustu helgi, spilar á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Einn vinsælasti tónlistarmaður landsins, Ásgeir Trausti, hefur einnig verið bókaður á hátíðina.

Þessir tveir flytjendur bætast í hóp Stuðmanna og Retro Stefson sem einnig stíga á svið í Eyjum og því ljóst að gestir hátíðarinnar munu fá sitthvað fyrir sinn snúð. Stuðmenn mæta til leiks með sömu tónleika og þeir fluttu í október í fyrra undir yfirskriftinni Með allt á hreinu.

Forsala miða á Þjóðhátíð er hafin á Dalurinn.is og er miðaverð 16.900 krónur. Fólk getur dreift greiðslunum vaxtalaust á fjóra mánuði. Fullt verð við hliðið í Eyjum er 18.900 kr. Salan í Herjólf fyrir Þjóðhátíð er einnig hafin. - fb





**Í TÓNLEIKAFERÐ** Sir Paul McCartney er hvergi nærri hættur í bransanum.

## Tónleikaferð um heiminn

Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney hefur tilkynnt um tónleikaferð um heiminn sem ber yfirskriftina Out There!. Fyrstu tónleikarnir verða í Varsjá í Póllandi 22. júní en þar hefur hann aldrei spilað áður.

McCartney hefur einnig tilkynnt um tónleika í Vín í Austurríki 27. júní. Hann spilar einnig á Bonnaroo-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í Bandaríkjunum 13. til 16. júní. Bítillinn fyrrverandi virðist því hvergi nærri ætla að slaka á þrátt fyrir að verða 71 árs á árinu.



**OF SEIN** Rihanna mætti fjórum tímum of seint á tónleika fyrir nemendur við Barrington High School. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fjórum tímum of sein

Poppstjarnan Rihanna var ekki vinsæl meðal nemenda við Barrington High School í Chicago er hún mætti fjórum tímum of seint á tónleika. Skólinn hafði unnið keppni þar sem verðlaunin voru tónleikar með söngkonunni vinsælu sem kenndi umferðarteppu í borginni um seinkunina miklu. Ekki bætti úr skák að söngkonan var einungis á sviðinu í 15 mínútur áður en hún hvarf inn í glæsibifreið sína aftur og ók á brott. Nemendur við skólann létu hafa það eftir sér að Rihanna væri dóni og sýndi aðdáendum sínum enga virðingu með þessari uppákomu en tónleikarnir höfðu verið tilhlökkunarefni í skólanum í marga mánuði.







# Sónar-hátíðin haldin aftur að ári

**Tónlistarhátíðin Sónar verður haldin aftur í Hörpu í febrúar á næsta ári.**



„Við erum ánægðir með að hátíðin fari fram aftur,“ segir Björn Steinbekk, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík.

Staðfest hefur verið að hátíðin fari fram í annað sinn í Hörpu dagana 13. til 15. febrúar á næsta ári. Hátíðin verður með svipuðu sniði og nýliðin hátíð sem haldin var í febrúar nema að tveimur sviðum verður bætt við, ásamt því að Sónar mun standa yfir í þrjá daga í stað tveggja. Eldborgarsalur Hörpu verður einnig nýttur til tónleikahalds og verður tilhögun þeirra tónleika kynnt síðar.

„Markmiðið er að hátíðin verði stærri eins og sést á því að við bætum einum degi við dagskrána. Við gerum okkur vonir um að innan tveggja til þriggja ára verði þetta orðin fimm til sjö þúsund manna hátíð,“ segir Björn.

Rafræn tónlist var áberandi á fyrstu hátíðinni þar sem fram komu Squarepusher, Alva Noto & Ryuichi Sakamoto, Modeselektor, James Blake og fleiri flytjendur. Spurður hvort fleiri erlendir listamenn úr meginstraumnum verði á næstu hátíð segir Björn að það eigi eftir að koma í ljós. „Við munum skoða hvaða listamenn henta best fyrir íslenskan markað. Sónar er hátíð sem hreykir sér af því að vera með það sem þykir nýtt og ferskt í tónlistarbransanum.“

Forsala miða hefst 17. apríl klukkan 10.00 á Midi.is og verður takmarkað magn miða í boði á 13.900 krónur. - fb

**GUSGUS** Daníel Ágúst og félagar í Gusgus spiluðu á Sónar-hátíðinni í Reykjavík.

# Skrifaði glæpasögu eftir stórtap í hruninu

**Sverrir Berg Steinarsson gefur út sína fyrstu glæpasögu í næsta mánuði.**

„Ég er hættur öllum afskiptum af verslunarrekstri þannig að núna get ég einbeitt mér að nýjum hlutum,“ segir Sverrir Berg Steinarsson. Hann er fyrrverandi eigandi fyrirtækisins Árdegi sem rak á sínum tíma fjölda verslana á Íslandi, þar á meðal Next, BT, Sony Center og Skífuna, og átti hlut í dönsku raftækjakeðjunni Merlin.

Uppheimar gefa í næsta mánuði út fyrstu glæpasögu hans sem nefnist Drekinn. Hún tengist viðskiptum og er samtímasaga. „Það eru miklar spennusögur að gerast á hverjum degi í þessu umhverfi sem við lifum í og ég vildi nýta það í þessa sögu,“ segir Sverrir Berg, sem er viðskiptafræðingur að mennt. Drekinn fjallar að hluta til um olíuleitina á Drekasvæðinu og gerist bæði hér heima og erlendis.

Spurður hvort reynsla hans úr viðskiptalífinu hafi nýst við gerð bókarinnar segist hann vissulega búa að henni. Eftir að fyrirtæki hans Árdegi fór á hausinn ákvað hann venda kvæði sínu í kross. „Við vorum í verslunarrekstri en svo skall kreppan á og hrunið. Hluti af því sem ég er að gera með þessari útgáfu er að gera hluti sem mig hefur lengi langað til að gera en ekki haft tíma til,“ segir hann. „Þetta hefur í sjálfu sér blundað í mér mjög lengi. Ég ákvað að láta slag standa og prófa að sjá hvort ég gæti þetta.“

Hann segir Drekann alls ekki vera uppgjör hans við hrunið. „Þetta er engin hrunbók. Mér finnst margt sem er að gerast í íslenskum samtíma vera til uppbyggingar. Ég vil frekar einbeita mér að svoleiðis hlutum.“



**FYRSTA BÓKIN Á LEIÐINNI** Sverrir Berg Steinarsson gefur út sína fyrstu glæpasögu í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Var umfangsmikill í viðskiptalífinu

Fyrirtæki Sverris Berg, Árdegi, rak níu BT-verslanir, þrjár Skífuverslanir, tvær verslanir Hljóðfærahússins, Sony Center, Gamestöðina og tískuverslanirnar Next og Noa-Noa. Þá átti Árdegi 25% hlut í dönsku raftækjakeðjunni Merlin sem rak 48 verslanir í Danmörku.

Hvað tapaðirðu miklum peningum í hruninu? „Ég hef í sjálfu sér ekki mikinn áhuga á að tala um það. Fyrir mér er þetta hluti af gömlum tíma og ég dvel lítið við það í dag.“

Sverrir Berg hefur alltaf lesið mikið af spennusögum og reyfurum. Bækur Árna Þórarinssonar hafa lengi verið í uppáhaldi hjá honum, auk verka Arnaldar Indriðasonar. Hann segist nú þegar vera byrjaður að skrifa nýja bók en ætlar fyrst að sjá hvernig viðbrögðin við Drekanum verða.

Hvað fannst vinum hans og ættingjum um að fyrrverandi stórlax í viðskiptalífinu væri byrjaður að semja glæpasögu? „Ég held að þetta hafi komið mörgum á óvart en það er margt líkt með ritstörfum og viðskiptum. Þú þarft að vera skapandi og með hugmyndaflug í hvoru tveggja.“ freyr@frettabladid.is


SAMBÍÓIN — KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM — SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR — KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK THE GIANT SLAYER VIP | KL. 3:10 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE CROODS ÍSLTAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSLTAL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| FLIGHT | KL. 10:10 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 3:40 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 | 10 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 - 8 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:10 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 | 12 |
| SNITCH | KL. 10:20 | 16 |




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| THE CROODS 3D ENSKT TAL, ÁN TEXTA | KL. 5.45 - 8 | L |
| BROKEN CITY | KL. 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 8 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| QUARTET | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| THE CROODS 2D / 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SNITCH | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 5.15 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN CITY | KL. 5.50 | 16 |
| SAFE HAVEN | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| SNITCH | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 10.10 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — AUKAKRÓNUR 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | 6, 8, 10 | L |
| SNITCH | 10.15 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 2, 4, 6 | L |
| THE CROODS 2D - ÍSL TAL | 2, 4 | L |
| THE CROODS 3D - ENS TAL | 6, 8 - ÓTEXTUÐ | L |
| BROKEN CITY | 8 | 16 |
| IDENTITY THIEF | 10 | 12 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | 2, 4 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




| | | |
|---|---|---|
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| ÞETTA REDDAST | (12) | 18:00 |
| DÁVALDURINN | (12) | 20:00, 22:10 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 20:00, 22:10 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50, 22:10 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!



# nettó
Kræsingar & kostakjör



KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ NÚ
**1.539**
ÁÐUR 2.138 KR/KG

30% AFSLÁTTUR



ÖND
FRAKKLAND
VERÐ NÚ
**1.098**
ÁÐUR 1.689 KR/KG

35% AFSLÁTTUR



LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR
VERÐ NÚ
**1.998**
ÁÐUR 2.198 KR/KG

KEA

JARÐARBER 250 G
**249**
ÁÐUR 498 KR/KG






PÁSKAEGG
ÝMSAR TEGUNDIR
**1.498**



RC Q APPELSÍN 2L
2 FYRIR 1
**197**

## OPNUNARTÍMAR NETTÓ UM PÁSKA

| | |
|---|---|
| PÁLMASUNNUDAGUR | 12.00-18.00 |
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12:00-18:00 |

**Tilboðin gilda 27. mars - 1. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.






## Frábær byrjun strákanna í Hvíta-Rússlandi



**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 landsliðið hóf undankeppnina fyrir EM 2015 af miklum krafti þegar strákarnir unnu 2-1 sigur á Hvíta-Rússlandi ytra í gær. Jón Daði Böðvarsson og Emil Atlason komu Íslandi í 2-0 forystu en Hvít-Rússar minnkuðu muninn með marki úr vítaspyrnu á 72. mínútu, eftir að fyrirliðinn Sverrir Ingi Ingason hafði verið dæmdur brotlegur innan teigs.

Sverrir Ingi fékk einnig að líta rauða spjaldið og því lá talsvert á íslenska liðinu síðustu mínútur leiksins. En strákarnir héldu út til leiksloka og fögnuðu góðum sigri.

Þetta var fyrsti sigur U-21 liðsins í eitt og hálft ár eða síðan að það hafði betur gegn Belgíu, 2-1, í fyrsta leik undankeppni EM 2013. Liðið tapaði hinum sjö leikjunum í riðlinum með markatölunni 2-20, auk þess sem það tapaði fyrir Wales í vináttuleik, 3-0. Strákarnir mæta næst Armeníu á útivelli þann 6. júní næstkomandi.

Eyjólfur Sverrisson er þjálfari U-21 liðsins og hefur verið síðan í árslok 2008. Hans helsta afrek var að koma því í úrslitakeppni EM sem fór fram í Danmörku árið 2011. Lykilmenn liðsins þá eru margir hverjir í aðalhlutverki A-landsliðsins í dag. - esá

# Stelpur, nú þurfið þið að hjálpa mér

**Birnu Valgarðsdóttur vantar sextán stig til að komast í 5.000 stigin í efstu deild kvenna og jafnframt bara eitt stig til viðbótar til að slá stigametið í deildinni. Hún fær kannski síðasta tækifærið í lokaumferðinni á móti Fjölni í kvöld.**

**KÖRFUBOLTI** Birna Valgarðsdóttir var jafnvel að hugsa um að hvíla lúin bein í lokaumferð Dominosdeildar kvenna í kvöld og safna kröftum fyrir komandi úrslitakeppni en það breyttist fljótt þegar blaðamaður Fréttablaðsins lét hana vita af því í gær að hana vantaði bara 17 stig til þess að bæta stigamet Önnu Maríu Sveinsdóttur í efstu deild kvenna á Íslandi.

Birna hefur líklega bara einn leik til þess að ná því – hér er aðeins um stig í deildarleikjum að ræða en stig í leikjum í úrslitakeppni eru ekki talin hér með. Birna er orðin 37 ára gömul og var plötuð til að taka eitt ár í viðbót. Það er því allt eins líklegt að hún sé að spila sinn síðasta deildarleik í kvöld.

Deildarmeistarar Keflavíkur spila þá lokaleik sinn í deildarkeppninni þegar liðið mætir Fjölni í Toyota-höllinni í Keflavík. Það er þegar ljóst að liðin enda í 1. og 8. sæti og því ekkert undir í leiknum nema kannski það að Birnu takist að slá metið.

### Búin að missa af síðustu leikjum

Birna ætti kannski að vera komin með metið en hún hefur misst af tveimur síðustu leikjum liðsins vegna meiðsla. Birna lék síðast á móti KR 16. mars og var þá með 26 stig. Síðasta stig hennar í þeim leik var númer 4.984 frá því að hún lék sinn fyrsta leik í efstu deild kvenna með Tindastóli 9. október 1992.

„Þetta er rosaleg pressa. Ef ég spila á morgun (í kvöld) þá á ég ekki eftir að gefa boltann," sagði Birna hlæjandi þegar hún var búin að frétta af því hvað væri undir í leik kvöldsins. Birna lék með Keflavík þegar Anna María Sveinsdóttir kom til baka í einn leik 1. mars 2006 til þess að ná þeim fjórum stigum sem hana vantaði upp í 5.000 stigin.

„Ég man það. Við vorum þarna allar þvílíkt að láta hana skjóta," rifjar Birna upp og bætir við: „Ég hugsaði bara þá að ég yrði nú löngu hætt áður en ég næði þessu. Ég bjóst ekki við að þrauka svona lengi," sagði Birna sem var þá 1.810 stigum á eftir Önnu Maríu. Nú, tæpum sjö árum síðar, er bilið næstum því brúað.

„Nú fer ég bara og segi við stelpurnar í liðinu: Stelpur, nú þurfið þið bara að hjálpa mér, þetta er ekki flókið," sagði Birna og ef einhver hefur unnið sér það inn að fá eitthvað af stoðsendingum í kvöld þá er það hún enda búin að fórna ýmsu fyrir körfuboltann á liðnum árum.

### Græt þetta ekki núna

Birna var eiginlega hætt eftir síðasta tímabil en segir að Sigurður Ingimundarson hafi kjaftað hana til og á endanum var hún bara mætt á æfingu. „Ég græt þetta ekki og ég væri löngu hætt ef að mér þætti þetta ekki svona svakalega gaman. Það er svo erfitt að ákveða að hætta og það er meira en að segja það að ég sé hætt," segir Birna sem hefur bætt deildarmeistara- og bikarmeistaratitlum í safnið í vetur og Keflavíkurliðið er síðan með heimavallarrétt út alla úrslitakeppnina.

Birna segist hafa gaman af að sjá unga leikmenn Keflavíkurliðsins blómstra en margar þeirra voru ekki fæddar þegar Birna spilaði sinn fyrsta leik í deildinni. Birna viðurkennir alveg að hún sé allt annar leikmaður í dag en þegar hún var „aðeins" yngri.

### Ekki eins frek á boltann núna

„Ég er ekki eins frek á boltann og ég var því einu sinni fannst mér ég eiga hann. Nú hugsar maður kannski meira um að þær geti þetta með manni. Ég verð því aðeins að gefa hann á þær," sagði Birna í léttum tón. En verður þetta síðasti deildarleikur hennar í kvöld?

„Nei, ég er ekki búin að gefa það út að þetta sé síðasta tímabilið en maður er að undirbúa sig hægt og rólega. Maður er alltaf að fara að hætta en svo er maður alltaf svo góður í skrokknum eftir sumarpásuna að maður er tilbúinn í slaginn aftur. Ef ég næ þessu ekki í kvöld, þá kem ég aftur þó að það væri ekki nema í einn eða tvo leiki," sagði Birna skellihlæjandi að lokum.

Birna hefur skorað stigin sín fyrir fjögur félög: Tindastól (419 stig í 28 leikjum), Breiðablik (169/18), Grindavík (203/15) og Keflavík (3.865/260).

ooj@frettabladid.is



**BIRNA VALGARÐSDÓTTIR** Hefur skorað 4.984 stig í 339 leikjum frá 1992 til 2013 eða 14,7 stig að meðaltali í leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Þetta er rosaleg pressa. Ef ég spila á morgun (í kvöld) þá á ég ekki eftir að gefa boltann.**
>
> *Birna Valgarðsdóttir*

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER


LA GEAR
LA GEAR V-HÁLSMÁLS BOLUR KVENNA
1 FYRIR 1.190 KR
2 FYRIR 1.790KR


LA GEAR
LA GEAR HETTUPEYSA MEÐ RENNILÁS KVENNA
1 FYRIR 3.390 KR
2 FYRIR 4.590KR


Slazenger
SLAZENGER BUXUR BARNA
1 FYRIR 1.790 KR
2 FYRIR 2.390KR

LONSDALE CREW STUTTERMABOLUR KVENNA
LONSDALE LONDON

1.590KR

NIKE CAPRI BUXUR KVENNA

5.990KR

DONNAY ÍÞRÓTTAGALLI HERRA
DONNAY

3.390KR

LONSDALE HETTUPEYSA HERRA
LONSDALE LONDON

2.990KR

HERRA STUTTERMABOLIR FRÁ 990


990KR


990KR


1.390KR


2.390KR


1.790KR

ADIDAS DURAMO4 HERRA
adidas
7.590KR


FIRETRAP MONROE LOW
Firetrap
7.590KR


LEE COOPER COLLAR
Lee Cooper
9.890KR


ADIDAS BREEZE
adidas
6.590KR


SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA:

Mán-mið: 10-19
Skírdagur: 10-18
Föstudagurinn langi: LOKAÐ
Laugardagur: 10-18
Páskadagur: LOKAÐ
Annar í páskum: 10-18




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

# Ég er nettur egóisti

**Stefán Rafn Sigurmannsson**, leikmaður Rhein-Neckar Löwen, hefur komið sterkur inn í þýsku deildina. Kann að spila handbolta en kann ekki á þvottavél. Stefnir á stórt hlutverk með landsliðinu.

**HANDBOLTI** Stefán Rafn Sigurmannsson hefur skotist upp á stjörnuhimininn með frammistöðu sinni með þýska úrvalsdeildarfélaginu Rhein-Neckar Löwen. Stefán Rafn gekk til liðs við stórlið Löwen frá Haukum í desember en þá var þessi 22 ára hornamaður markahæsti leikmaður N1-deildar karla. Alvarleg meiðsli þýska landsliðsmannsins Uwe Gensheimer urðu til þess að Stefán fékk símtal frá Mannheim og skömmu síðar var hann kominn í búning ljónanna og fór þar að auki beint inn í byrjunarliðið. „Þetta tók um tvær vikur en það var í raun aldrei spurning um að ég myndi fara út. Þetta er frábært lið með góða þjálfara og ég var handviss um að ég myndi bæta mig mikið hérna,“ segir Stefán við Fréttablaðið.

Stefán segir það vissulega ansi stórt skref að fara úr N1-deildinni til toppliðs þýsku úrvalsdeildarinnar en hann hefur aldrei farið í felur með þá áætlun sína að gerast atvinnumaður í handbolta. „Ég er náttúrulega nettur egóisti og stefndi alltaf hátt. En ég gat aldrei ímyndað mér að fyrsta skrefið mitt væri að koma hingað í svona rosalega sterkan klúbb. Þetta er bara frábært í alla staði.“

## Mætti með kassann útþaninn

Það voru ekki minnstu skórnir í handboltaheiminum sem Stefán þurfti að fylla en þýski töframaðurinn Uwe Gensheimer spilaði í vinstra horninu hjá Löwen áður en slitin hásin batt enda á tímabilið hjá honum. „Hann er náttúrulega frábær leikmaður sem aðdáendur Löwen gjörsamlega dýrka en ég mætti bara tilbúinn í slaginn með kassann útþaninn – það þýðir ekkert annað. Það skiptir mig engu máli hvað hann er góður í handbolta á meðan ég er inni á vellinum. Ég veit að ég get alveg spilað handbolta og nú er bara að halda áfram að standa sig.“

Fyrsti leikur Stefáns með Rhein-Neckar Löwen var í bikarkeppninni gegn Magdeburg en kappinn fann lítið fyrir stressi í frumraun sinni á þýska handboltadúknum. „Mér leið mjög vel inni á vellinum, alveg frá fyrstu mínútu. Ég var búinn að undirbúa mig vel og þetta gekk bara eins og í sögu.“

Guðmundur Guðmundsson er löngu orðinn frægur fyrir sína ítarlegu myndbandsfundi og Stefán hefur setið þá nokkra síðan hann gekk til liðs við Löwen. „Gummi er auðvitað fagmaður og finnur lausnir við nánast öllu sem andstæðingurinn getur teflt fram. Að sitja slíka fundi með Gumma Gumm eru forréttindi,“ segir Stefán brosandi.

## Kominn með „staðgöngumóður“

Mikill Íslendingabragur hefur verið á liði Rhein-Neckar Löwen undanfarin ár en landsliðsmennirnir Guðjón Valur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson og Snorri Steinn Guðjónsson hafa allir leikið með liðinu. Núna er Alexander Petersson liðsfélagi Stefáns Rafns og svo þjálfar auðvitað Guðmundur Guðmundsson liðið. Stefán segir Íslendingana auðvelda mikið aðlögun sína í Þýskalandi.

„Ég hef grætt helling á því að geta leitað til þeirra og það er óneitanlega þægilegra að hafa einhverja sem tala íslensku, svona rétt á meðan maður er að koma sér inn í tungumálið og menninguna. Ég er ekki byrjaður í þýskunámi enn þá en það stendur til bóta.“

Þrátt fyrir að vera ekki kominn nógu vel inn í tungumálið, segir Stefán að það sé engu að síður frekar auðvelt að komast inn í það tungumál sem notað er á handboltaæfingum. „Þetta er í grunninn allt sama þvaðrið, bara með örlitlum áherslubreytingum,“ segir Stefán léttur.

Alexander Petersson og Eivor Pála Blöndal, eiginkona hans, búa örstutt frá Stefáni og hafa reynst hinum unga atvinnumanni vel. „Það er bara snilld að hafa þau á svæðinu og ég er mjög oft heima hjá þeim. Alex gefur mér góð ráð í handboltanum og Eivor er svo orðin „mamma mín“ – alltaf tilbúin með ráð varðandi þvottavélina og svona þessa helstu hluti sem ungur maður eins og ég hefur ekki hundsvit á,“ segir Stefán hlæjandi.

Stefán gefur lítið fyrir þá mýtu að einstæðir atvinnumenn í íþróttum séu miklir kvennaljómar. „Það er frekar rólegt í þessum málum, eiginlega bara pollrólegt. Ég er mikið í tölvunni eins og flestir ungir menn – kíki í Playstation 3 og horfi á kvikmyndir. Allt hitt dæmið er bara í fyrsta gír eins og er enda nægur tími til þess að skoða það seinna meir.“

Hjá Rhein-Neckar Löwen er valinn maður í hverju rúmi og nokkrir af betri handboltamönnum heims eru liðsfélagar Stefáns. Ungi Íslendingurinn fékk þó aldrei einhvers konar stjörnustæla frá liðsfélögum sínum. „Það voru allir mjög vinsamlegir og ekkert að pönkast í nýliðanum. Þetta er þéttur hópur og það eru allir leikmenn með fæturna kyrfilega fasta á jörðinni. Gummi er líka mjög jarðbundinn og með góðan fókus á verkefnið og það smitast út í leikmennina.“

## Landsliðið stóra markmiðið

Stefán spilaði mikið í skyttuhlutverkinu með Haukum en sú ákvörðun að einbeita sér algjörlega að vinstra horninu hefur heldur betur skilað sér. „Það var eitthvað smá vesen með skyttustöðuna hjá Haukum og því var ég að spila þar en ég er 100% hornamaður og hef verið alveg síðan í þriðja flokki. Ég er mjög ánægður með að hafa einbeitt mér að minni bestu stöðu.“

Íslendingar hafa alltaf átt frambærilega hornamenn og nú eru margir efnilegir leikmenn að banka á landsliðsdyrnar, ekki síst í vinstra horninu þar sem Stefán Rafn, Bjarki Már Elísson og Oddur Grétarsson eru fremstir meðal jafningja. Þeir þurfa þó að ryðja heimsklassaleikmanni úr veginum, þar sem Guðjón Valur Sigurðsson hefur einokað þessa stöðu í mörg ár. „Eitt af mínum stóru markmiðum er að verða lykilmaður í landsliðinu og það hefur ekkert breyst. Gaui er enn þá ansi frambærilegur leikmaður en ég held bara áfram að mæta á æfingar, gera mitt besta og svo er bara að sjá hvort ég næ þessu markmiði eða ekki,“ segir Stefán að lokum.

- bg

## VAXIÐ MEÐ VERKEFNINU

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Rhein-Neckar Löwen, segir að nokkrir leikmenn hafi verið undir smásjá félagsins þegar þýski landsliðsmaðurinn Uwe Gensheimer sleit hásin í nóvember sl. „Það voru nokkur nöfn sem við skoðuðum og á endanum varð Stefán fyrir valinu. Haukarnir voru mjög sanngjarnir og þetta ferli gekk allt saman mjög vel. Stefán hefur frá fyrsta leikdegi staðið sig mjög vel og vaxið með verkefninu, sem er mjög mikilvægt.“

Að sögn Guðmundar var Stefán Rafn hugsaður sem byrjunarliðsmaður frá upphafi og að hann myndi spila stórt hlutverk hjá Löwen. „Stebbi býr við þann munað að æfa með heimsklassaleikmönnum og þarf t.d. að glíma við tvo af betri markvörðum heims á nánast hverjum degi.“

Stefán samdi við Rhein-Neckar Löwen til vors og er því með lausan samning í lok tímabils. Guðmundur segir Uwe Gensheimer hafa verið undir miklu álagi undanfarin tímabil og því þurfi liðið að eiga tvo góða hornamenn. Það eru því ágætar líkur á því að Löwen bjóði Stefáni nýjan samning.



**SÝNING** Stefán Rafn gengur inn á völlinn í mikilli ljósadýrð sem hæfir leikjum í stærstu deild heims.

NORDICPHOTOS/GETTY

POTTURINN STEFNIR Í

1750 MILLJÓNIR

120.000.000
+1.630.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.630 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**






# Renndu þér yfir páskana!

**Mintan** 2013
ferð fram laugardaginn
